



# ÁRSSKÝRSLA

## SKÓLAÁRIÐ 2015-2016



JÚNÍ 2016

ÁRSSKÝRSLA GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI SKÓLAÁRIÐ 2015-2016  
JÚNÍ 2016

ÚTGEFANDI: GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

GUNNLAUGSGATA 13

310 BORGARNES

SÍMI 433 7400

NETFANG: SKOLI@GRUNNBORG.IS

VEFFANG WWW.GRUNNBORG.IS



---

## 1. FORMÁLI

---

Ársskýrsla Grunnskólans í Borgarnesi kemur nú út í fyrsta sinn. Markmið með útgáfu hennar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólanum ár hvert, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans ([www.grunnborg.is](http://www.grunnborg.is)) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til fræðslunefndar, stjórnar foreldrafélagsins og bókasafns Grunnskólans í Borgarnesi. Skýrslan er kemur einnig út á rafrænu formi og þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri.

## Efnisyfirlit

<b>1. FORMÁLI</b> .....	<b>4</b>
<b>2. INNGANGUR</b> .....	<b>8</b>
<b>3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR</b> .....	<b>9</b>
3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR .....	9
3.2 SKÓLARÁÐ .....	9
3.3 FORELDRAFÉLAG .....	9
3.4 NEMENDARÁÐ.....	10
3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ .....	10
3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA .....	11
3.7 ÁFALLARÁÐ.....	11
3.8 EINELTISTEYMI.....	11
3.9 GRÆNFÁNANEFND .....	11
3.10 INNRA MAT .....	12
3.11 UPPBYGGINGARTEYMI.....	12
3.12 HEILSUEFLANDI SKÓLI.....	12
3.13 ÍSLENSKUTEYMI.....	13
3.14 SÉRKLENNSLUTEYMI.....	13
3.15 YNGSTA STIGS TEYMI.....	13
3.16 ÖRYGGISNEFND .....	14
3.17 NEMENDAFJÖLDI.....	14
3.18 STARFSMENN .....	15
3.19 SKÓLALÓÐ .....	17
3.20 SKÓLAAKSTUR .....	17
3.21 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI .....	1
3.22 SKIPULAG KENNSLU .....	2
<i>Viðmiðunarstundaskrá og skipting námsgreina</i> .....	2
<b>4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR</b> .....	<b>3</b>
4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	4
4.2 NÁMSMAT .....	5
4.3 FERÐALÖG .....	6
<b>5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR</b> .....	<b>7</b>
5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	7
5.2 NÁMSMAT .....	8
5.3 FERÐALÖG .....	9
<b>6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR</b> .....	<b>10</b>
6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	10
6.2 NÁMSMAT .....	12
6.3 VIÐBURÐIR.....	12
<b>7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR</b> .....	<b>13</b>
7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	13

7.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	14
7.3	NÁMSMAT.....	14
7.4	VIÐBURÐIR .....	14
<b>8.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR .....</b>	<b>16</b>
8.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	16
8.2	NÁMSMAT.....	17
8.3	FERÐALÖG .....	17
<b>9.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR .....</b>	<b>18</b>
9.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	18
9.2	NÁMSMAT/SÍMAT .....	19
9.3	SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF .....	19
<b>10.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR .....</b>	<b>21</b>
10.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	21
10.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	22
10.3	NÁMSMAT.....	22
10.4	VIÐBURÐIR .....	22
<b>11.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR .....</b>	<b>23</b>
11.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	24
11.2	FERÐALÖG .....	25
<b>12.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR .....</b>	<b>25</b>
12.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	26
12.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	27
12.3	NÁMSMAT .....	27
12.4	VIÐBURÐIR .....	27
<b>13.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR .....</b>	<b>28</b>
13.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	29
13.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	29
13.3	NÁMSMAT.....	30
13.4	VIÐBURÐIR .....	30
13.5	MAÍ SKIPULAG 10. BEKKJAR .....	<b>ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.</b>
<b>14.</b>	<b>SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA.....</b>	<b>31</b>
14.1	NÁMSMAT .....	31
<b>15.</b>	<b>SKÝRSLA SUNDKENNARA .....</b>	<b>32</b>
15.1	NÁMSMAT.....	32
<b>16.</b>	<b>SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI .....</b>	<b>33</b>
16.1	NEMENDATEYMI.....	33
16.2	STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI.....	34
<b>17.</b>	<b>SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA .....</b>	<b>35</b>

<b>18.</b>	<b>SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA .....</b>	<b>38</b>
18.1	YNGSTA STIG .....	39
18.2	MIÐSTIG .....	40
18.3	ELSTA STIG.....	41
<b>19.</b>	<b>SKÝRSLA MYNDMENTAKENNARA .....</b>	<b>43</b>
19.1	KENNSLUADFERÐIR .....	43
19.2	NÁMSEFNI/GÖGN .....	44
19.3	NÁMSMAT.....	44
<b>20.</b>	<b>SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA.....</b>	<b>44</b>
<b>21.</b>	<b>SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA .....</b>	<b>47</b>
21.1	KENNSLUADFERÐIR.....	48
21.2	NÁMSEFNI OG NÁMSMAT .....	49
<b>22.</b>	<b>VAL.....</b>	<b>49</b>
<b>23.</b>	<b>VETTUVANGSFERÐIR Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI .....</b>	<b>51</b>
<b>24.</b>	<b>NEMENDAFÉLAG - FÉLAGSSTARF.....</b>	<b>53</b>
<b>25.</b>	<b>ÞRÓUNARVERKEFNI .....</b>	<b>55</b>
<b>26.</b>	<b>BÓKASAFN .....</b>	<b>57</b>
26.1	KENNSLA .....	58
26.2	AÐFÖNG/AÐFANGASTEFNA .....	59
26.3	VIÐBURÐIR .....	59
26.4	TÖLVUR.....	62
26.5	NÁMSMATSSTOFNUN .....	62
26.6	SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN.....	62
<b>27.</b>	<b>KLETTUR.....</b>	<b>64</b>
27.1	MARKMIÐ .....	64
27.2	NÁMSMAT .....	65
<b>28.</b>	<b>WATER AROUND US – ERASMUS VERKEFNI .....</b>	<b>66</b>
<b>29.</b>	<b>SAMANTEKT .....</b>	<b>66</b>

---

## 2. INNGANGUR

---

Nýr skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri voru ráðnir haustið 2015 en Elín Kristinsdóttir, deildarstjóri sérkennslu var þar fyrir. Skólastjóri skólans heitir Júlía Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Ragnhildur Kristín Einarsdóttir og deildarstjóri er Hulda Hrönn Sigurðardóttir.

Skólaárið hófst mánudaginn 17. ágúst að loknu sumarfríi og voru starfsdagar vikuna 17. – 21. ágúst. Skólastjórnendur mættu til vinnu þriðjudaginn 4. ágúst. Starfsmannafundur var mánudaginn 17. ágúst þar sem nýjir stjórnendur kynntu sig og buðu starfsmenn velkomna til starfa ásamt því að línur voru lagðar fyrir komandi vetur. Skólasetning var mánudaginn 24. ágúst og var haldin í kirkjunni. 1.-3. bekkur mætti kl. 10:00. 4.-6. bekkur var kl. 10:40 og 7.-10. bekkur var kl. 11:20. Nemendur mættu með foreldrum sínum á skólasetninguna og héldu svo með umsjónarkennurum sínum í skólann þar sem þeir fengu stundatöflur, skóladagatal auk þess sem námsefni vetrarins var kynnt. Kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst.



---

### 3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

---

---

#### 3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri  
Elín Kristinsdóttir, deildarstjóri sérkennslu

---

#### 3.2 SKÓLARÁÐ

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara  
Jónína Laufey Jónsdóttir, fulltrúi kennara  
Bragi Þór Svavarsson, fulltrúi foreldra  
Hrefna Ásgeirsdóttir, fulltrúi foreldra  
Guðný Guðmarsdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags/foreldra  
Snæþór Bjarki Jónsson, fulltrúi nemenda  
Íris Líf Stefánsdóttir, fulltrúi nemenda

---

#### 3.3 FORELDRAFÉLAG

---

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, formaður  
Hjördís Heiða Ásmundsdóttir, varaformaður

Ásta Kristín Guðmundsdóttir, gjaldkeri  
Dagný Pétursdóttir, ritari  
Silja Eyrún Steingrímsdóttir, meðstjórnandi  
Brynja Baldursdóttir, meðstjórnandi  
Eva María Jóelsdóttir, meðstjórnandi

---

#### 3.4 NEMENDARÁÐ

---

Snæþór Bjarki Jónsson, formaður  
Íris Líf Stefánsdóttir, varaformaður  
Alexander Gísli Hlynsson, gjaldkeri  
Bára Sara Guðfinnsdóttir, ritari  
Sóldís Fannberg Þórsdóttir, meðstjórnandi (fram að áramótum)  
Sigurður Aron Þorsteinsson, meðstjórnandi (frá áramótum)  
Hlynur Halldórsson, tæknistjóri  
Alexander Gíslason, aðstoðartæknistjóri  
Hjálmar Már Sveinsson, sjoppustjóri  
Hrafnhildur Tinna Ólafsdóttir, sjoppustjóri

---

#### 3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Elín Kristinsdóttir, deildarstjóri sérkennslu  
Íris Björg Sigmarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur  
Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi  
Áspór Ragnarsson, skólasálfræðingur  
Harpa Þórðardóttir, skólasálfræðingur

---

### 3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

---

Áspór Ragnarsdóttir, sálfræðingur  
Harpa Þórðardóttir, sálfræðingur  
Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi  
Íris Björg Sigmarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur  
Ásta Björk Björnsdóttir, kennsluráðgjafi

---

### 3.7 ÁFALLARÁÐ

---

Áspór Ragnarsson, sálfræðingur,  
Íris Björg Sigmarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur  
Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Sóknarprestur

---

### 3.8 EINELTISTEYMI

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi  
Andrea Eðvaldsdóttir, kennari  
Inga Margrét Skúladóttir, kennari

---

### 3.9 GRÆNFÁNANEFND

---

Ragnildur Kristín Einarsdóttir  
Jónína K. Berg  
Guðmundur Eypórsson  
Jóhanna Marín Óskarsdóttir

---

**3.10      INNRA MAT**

---

Hulda Hrönn Sigurðardóttir

Margrét Skúladóttir

Páll Leó Jónsson

---

**3.11      UPPBYGGINGARTEYMI**

---

Ragnhildur Kristín Einarsdóttir

Birna Hlín Guðjónsdóttir

Halldóra Björnsdóttir

Eva Lára Vilhjálmsdóttir

Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir

Kristín Frímannsdóttir

Gunnar Sigurjónsson

---

**3.12      HEILSUEFLANDI SKÓLI**

---

Júlía Guðjónsdóttir

Hanna S. Kjartansdóttir

Helga Markúsdóttir

Guðmunda Ólöf Jónasdóttir

Sesselja Tómasdóttir

Sigrún Ögn Sigurðardóttir

Sigríður Hrund Hálfánardóttir

---

### 3.13 ÍSLENSKUTEYMI

---

Elín Kristinsdóttir

Rán Höskuldsdóttir

Jónína Laufey Jóhannsdóttir

Gunnar Straumland

Erla Helga Sveinbjörnsdóttir

Kristín Valgarðsdóttir

---

### 3.14 SÉRKENNSLUTEYMI

---

Elín Kristinsdóttir

Fanney Þorkelsdóttir

Helena Guðmundsdóttir

Aðalbjörg Þórólfsdóttir

---

### 3.15 YNGSTA STIGS TEYMI

---

Dagmar Mýrdal Harðardóttir

Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir

Hólmfríður Ólafsdóttir

Ingibjörg Grétarsdóttir

Sigrún Sveinsdóttir

Sæbjörg Kristinsdóttir

---

### 3.16 ÖRYGGISNEFND

---

Guðmundur Jónsson

Júlía Guðjónsdóttir

Sigríður Helga Sigurðardóttir

Sæbjörg Kristinsdóttir

---

### 3.17 NEMENDAFJÖLDI

---

Nemendur skólans eru í dag 296 og er áætlaður fjöldi nemenda næsta skólaárið er 300.

Tafla 1 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs.

*Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda vorið 2016.*

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónakennarar
1.	26	12	14	Guðrún R. Kristjánsd./ Sigrún Sveinsd.
2.	32	17	15	Dagmar Harðard./ Hólmfríður Ólafsd.
3.	29	17	12	Ingibjörg Grétarsd./Sæbjörg Kristmannsd.
4.	40	21	19	Gunnar Sigurjónsson/ Halldóra Björnsd.
5.	25	12	13	Erla Helga Sveinbjörnsd./Guðmundur Eypórsson
6.	31	17	14	Andrea Eðvaldsd./ Helga Markúsd.
7.	27	16	11	Birna Hlín Guðjónsd./Rán Höskuldsd.
8.	21	14	7	Margrét Skúladóttir
9.	38	20	18	Helga Stefanía Magnúsd./Kristín Frímanssd.
10.	27	17	10	Inga Margrét Skúlad./Kristín Valgarðsd.

3.18 STARFSMENN

Nafn	Starf	Umsjón/annað	Stöðuhl
Aðalbjörg Þórólfsdóttir	Kennari	Sérkennsla	70
Agnes Hansen	Kennari	Danska/enska	42
Alicja Gaciarska	Skólaliði	Skólaliði	82,5
Andrea Eðvaldsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 6.bekkur	100
Anna Guðmundsdóttir	Kennari	Bókasafn	80
Arna Einarsdóttir	Grunnskólakennari	Námsleyfi	
Ásta Björk Björnsdóttir	Kennsluráðgjafi	Kennsluráðgjafi	50
Áspór Ragnarsson	Sálfræðingur	Sálfræðingur	50
Birna Hlín Guðjónsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 7. bekkur	100
Dagmar Mýrdal Harðard.	Leiðbeinandi	Umsjón 2. bekkur	92
Elín Kristinsdóttir	Deildarstjóri sérk.	Deildarst.sérk.	100
Elín Krisjánsdóttir	Námsráðgjafi	Námsráðgjafi	40
Erla Helga	Grunnskólakennari	Umsjón 5. bekkur	100
Eva Lára Vilhjálmsdóttir	Grunnskólakennari	Textílmennt	100
Faney Þorkeldsdóttir	Þroskaþjálfari	Þroskaþjálfari	100
Fjóla Veronika Guðjónsd.	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	86
Guðbjörg Konráðsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	76
Guðbjörg Sigríður	leiðbeinandi	Tómstundask.	50
Guðmunda Ólöf	Kennari	Sérkennsla	49,9
Guðmundur Eyþórsson	Grunnskólakennari	Umsjón 5. bekkur	100
Guðmundur Jónsson	Húsvörður	Húsvörður	40/60
Guðný Guðmarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	50
Guðrún Ósk Ámundad.	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	50
Guðrún Rebekka	Grunnskólakennari	Umsjón 1. bekkur	100
Guðrún S. Guðbrandsd.	Grunnskólakennari	Smíði	100
Gunnar J. Straumland	Grunnskólakennari	Sérkennsla/enska	100
Gunnar Sigurjónss.	Grunnskólakennari	Umsjón 4. bekkur	88
Halldóra Rósa Björnsd.	Kennari	Umsjón 4. bekkur	88

Hanna S. Kjartansdóttir	Grunnskólakennari	Íþróttir	100
Helena Björk	Grunnskólakennari	Verkefnast.	100
Helga Markúsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 6. bekkur	100
Helga Stefanía Magnúsd.	Grunnskólakennari	Umsjón 9. bekkur	100
Hildur Hallkelsdóttir	Leiðbeinandi	Stundakennari	23
Hólmfríður Ólafsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 2. bekkur	100
Hulda Hrönn	Deildarstjóri	Deildarstjóri	100
Inga B. Tryggvadóttir	Matráður	Matráður	90
Inga Margrét Skúladóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 10. b.	100
Ingibjörg Grétarsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 3. bekkur	100
Íris Björg Sigmarsdóttir	Skólahjúkrunarfr.	Skólahjúkrunarfr.	20
Jóhanna Marín Óskarsd.	Kennari	Tónmennt	85
Jónína G. Heiðarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	100
Jónína K. Berg	Grunnskólakennari	Myndmennt	100
Jónína Laufey Jóhannsd.	Grunnskólakennari	Kennari 8. bekkur	62
Júlía Guðjónsdóttir	Skólastjóri	Skólastjóri	100
Katrín Rósa Eðvaldsd.	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	84
Kolbrún Alma Rafnsdóttir	Skólaliði	Skólaliði	68
Kolbrún Kjartansdóttir	Grunnskólakennari	Sérkennsla	100
Kolbrún Óttarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	100
Kristín Frímannsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 9. bekkur	100
Kristín M. Valgarðsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 10. b.	100
Liza P. Mulig	Skólaliði	Skólaliði	74
Margrét Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari	Veikindaleyfi	
Margrét Skúladóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 8. Bekkur	100
María Erla Guðmundsd.	Skólaliði	Skólaliði	60
Monika Z. Fryszak-	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	100
Páll Leó Jónsson	Grunnskólakennari	Sérkennsla/enska	100
Ragnildur Kristín	Aðstoðarskólastjóri	Aðstoðarskólastj.	100
Rán Höskuldsdóttir	Kennari	Umsjón 7. bekkur	100
Sesselja Tómasdóttir	Grunnskólakennari	Heimilisfræði	100
Sigríður Helga Sigurðard.	Skólaritari	Skólaritari	100
Sigríður Hrund	Proskapjálfi	Proskapjálfi	100
Sigrún Sveinsdóttir	Grunnskólakennari	Umsjón 1. bekkur	100



Sigrún Ögn Sigurðard.	Grunnskólakennari	Íþróttir og sund	100
Silja Jónasdóttir	Aðst.matráður	Aðst.matráður	100
Sóley Björk	Grunnskólakennari	Byrjendalæsi	
Steinunn Þuríður	Grunnskólakennari	fæðingarorlof	
Sveinbjörg Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	84
Sæbjörg	Grunnskólakennari	Umsjón 3. bekkur	100
Vesna Pavlovic	Aðstoð á bókasafni	Bókasafn	50
Victor Pétur Rodriquez	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	100
Þorvarður Andri	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	85
Þórdís Ása Arnfinnsd.	Stuðningsfulltrúi	Stuðningsfulltrúi	84

---

### 3.19 SKÓLALÓÐ

---

Í kringum skólann er óafgirt skólalóð og hafa nemendur stórt og gott svæði til að leika sér á. Lóðin skiptist í tvö svæði þar sem á öðru svæðinu er sparkvöllur ásamt rólu en á hinu er kastali, rólur, klifurgrindur ásamt leikjum sem búið er að mála á stétt eins og t.d. París. Á skólalóðinni er klettur sem nemendur leika sér gjarnan á, sérstaklega þegar það er snjór og hægt að renna sér einnig sem þar er snjóboltakastsvæði nemenda.

---

### 3.20 SKÓLAAKSTUR

---

Nemendur af Mýrunum sækja skólann og er lengsti aksturinn frá Syðstu – Görðum sem er í Eyja og Miklaholtshreppi. Innanbæjarakstur er í Borgarnesi og eru það nemendur frá Dílahæð og upp í Bjargsland sem fá þann akstur. Skólabílstjórar skólans eru Guðjón, Sturla, Sigurbjörn, Sigurður Ingi og svo Jónas eða Inga.

---

### 3.21 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

---

Meginstefna skólans er að efla nemendur sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga sem geta sýnt samkennd með öðrum. Einstaklinga sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér annat hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun. Vörðurnar á þessari leið eru Uppbyggingarstefnan, Grænfánaverkefnið, Heilsueflandi grunnskóli, námsmatið og kennslufyrirkomulagið. Við lítum á hvern árgang sem eina heild og er verið að innleiða markvissa teymiskennslu. Með teymiskennslu er verið að koma betur til móts við hvern nemanda, m.a. með því að skipta í hópa eftir þörfum, getu og áhuga.

Til þess að þessi sýn okkar nái fram að ganga þarf samstarf heimilis og skóla að vera gott og með velferð nemandans að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru **sjálfstæði, ábyrgð, virðing** og **samhugur**. Þessi orð eru burðarstólpar hugmyndafræði skólans í uppeldismálum sem ber heitið „**Uppeldi til ábyrgðar**“. En hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Í nýrri útgáfu skólanámskrár er miðað við að einkunnarorð skólans og uppeldisstefnan séu sýnileg.

#### **Heimaskóli Menntavísindasviðs H.Í**

Skólinn tekur á móti nemendum í bæði B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið H.Í og veitir þeim aðgang að skólanum til að vinna þau verkefni sem tengjast vettvangi. Verkefni felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi, framkvæmd kennslu og athugunum á skólastarfi svo eitthvað sé nefnt. Leiðbeinendakennari tekur þátt í frammistöðumati á nemum og leiðbeinir þeim á

vettvangi. Þá hefur skólinn einnig haft samstarf við Háskólann á Akureyri um vettvangsnám og æfingakennslu kennaranema. Tveir kennaranemar voru í vettvangsnámi við skólann í vetur.

### 3.22 SKIPULAG KENNSLU

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólstarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu aðgreind eða samþætt í kennslu. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

#### **VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA**

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir. Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga.

*Tafla 2: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.*

<b>Námssvið Námsgreinar</b>	<b>1.-4. bk. Heildartími Mín. á viku</b>	<b>5.-7. bk. Heildartími Mín. á viku</b>	<b>8.-10. bk. Heildartími Mín. á viku</b>	<b>1.-10. bk. Heildartími Mín. á viku</b>
Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%

Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>100,00%</b>

Tafla 3: Skipting námsgreina skólaárið 2015-2016 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	8.5	8	7	7	6.5	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
Danska	0	0	0	0	0	1	3	3	4	4
Enska	0	0	0	2	2.5	2	2	3	4	4
Samfélagsfræði	4.5	4	3	3	5	5	4.5	5	3	3
Náttúrfræði	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Hönnun og smíði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Textíl	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Myndmennt	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Leiklist/Tónmennt	2	2	2	2	2	2	0.9	0.9	0.6	0.6
Val	2	2	2	0	1	1	2,5	3	3	3
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>
<b>Viðmið</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>

#### 4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

Nemendur í 1. bekk voru 26 í vetur. 14 stúlkur og 12 drengir. Umsjónarkennarar voru Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir og Sigrún Sveinsdóttir. Stuðningsfulltrúar í bekknum voru Jónína Heiðarsdóttir ... hlutfall starfs og Monika Mazur. List- og

verkgreinakennarar voru; Eva Lára Vilhjálmsdóttir textílmenn, Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir hönnun og smíði, Jónína K. Berg myndmenn og Sesselja Tómasdóttir heimilisfræði. Íþróttakennarar voru Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir. Sérkennari í 1. bekk var Aðalbjörg Þórólfsdóttir.

---

#### 4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Áhersla er lögð á að nemendur aðlagist skólaumhverfinu og séu virkir þátttakendur í því og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað var um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir, svo sem einhverfu eða ofvirkni, og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

Stafainnlögn var að mestu lokið við lok 2. annar. Þá voru nemendur almennt orðnir mjög sjálfstæðir í vinnubrögðum og komnir vel á veg. Í lestrarkennslunni var stuðst við námsefnið Listin að lesa og skrifa, leshefti og vinnubækur, ásamt ýmsum heimatilbúnum stafa- og hljóðgreiningarheftum. Sögugerð var að jafnaði einu sinni í viku og í skrift var notuð forskrift frá kennara.

Grunnefni í stærðfræði var Sproti 1a og 1b og sumir nemendur luku 2a. Einnig var notað gamalt efni sem hentaði hverjum og einum og hver og einn vann á sínu getu- og hraðastigi.

Námsefnið í íslensku og stærðfræði var einstaklingsmiðað og því var hver nemandi að vinna á sínu getustigi og hraða.

Íslenskan og stærðfræðin höfðu forgang, en náttúrufræðin var tvinnuð inn í kennsluna eftir því sem áhugi og aðstæður buðu hverju sinni.

Í lífsleikni unnum við samkvæmt aðferðum Uppbyggingarstefnunnar, ræddum um og gerðum verkefni um þarfirnar og gerðum bekkjarsáttmála. Við höfðum bekkjarfundi þar sem rædd voru ýmis mál svo sem umburðarlyndi, tillitssemi, margbreytileikann og að hver og einn er einstakur.

---

#### 4.2 NÁMSMAT

---

Gerðar eru ýmsar kannarnir til að greina stöðu nemenda. Í haust fóru nemendur í Tove Krogh teikniþróf og hljóðfærniþrófið Leið til læsis. Þrjú próf í LÆSI voru einnig gerð yfir veturinn.

Nemendur sem voru komin með nokkra færi í lestri fóru í leshraðapróf í febrúar og allir nemendur í leshraðapróf í maí.

Viðtöl voru þrisvar í vetur við foreldra, nemendur komu með í eitt skiptið. Í þessum viðtölum var farið yfir námsstöðu nemenda og líðan.

---

### 4.3 FERÐALÖG

---

Við fórum oft í gönguferðir um nágrenni skólans, heimsóttum leikskólana bæði að hausti og að vori. Vorferðalagið okkar var svo sveitaferð, farið var að Bakkakoti og í heimsókn í Varmaland.

Foreldrar komu tvisvar í skipulagðar heimsóknir til okkar. Í desember komu þeir á söngskemmtun og í jólaföndur til okkar og á opna deginum í maí sungu nemendur um húsdýrin og sýndu verkefni sín.

Guðrún Rebekka Krisjánsdóttir og Sigrún Sveinsdóttir

---

## 5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

---

Nemendur í 2. bekk voru í upphafi vetrar 31 en í nóvember bættist einn drengur í hópinn. 17 drengir og 15 stúlkur.

Árgangnum var skipt í tvær heimastofur. 15 nemendur voru í umsjón Dagmar M. Harðardóttur og 17 nemendur voru í umsjón Hólmfríðar Ólafsdóttur. Þær kenndu íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og stærðfræði. Eva Lára Vilhjálmisdóttir kenndi textílmennt, Jónína K. Berg kenndi myndmennt, Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir kenndi hönnun og smíði, Sesselja Tómasdóttir kenndi heimilisfræði. Jóhanna Marín Óskardóttir kenndi tónmennt. Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir.

Guðbjörg Konráðsdóttir og Þórdís Ásgerður Arnfinnsdóttir voru stuðningsfulltrúar í árganginum.

---

### 5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Kennt var eftir áherslum Byrjendalæsis þar sem unnið var eftir grunnstoðunum sem eru lestur, ritun, tal og hlustun sem eru samofnir þættir. Unnið var með merkingarbær viðfangsefni með áherslum á að nám sé félagslegt ferli, áhersla er lögð á samvinnu nemenda, einstaklingsmiðun í kennslu og nám án aðgreiningar. Valdar voru vandaðar barnabækur þar sem unnið var út frá gæðatexta með áherslu á orðaforða og skilning. Þessi vinna samþættist við náttúru- og samfélagsfræði. Skriftarefni: Góður, betri bestur 2A sem gefin er út af Önnu Fríðu Bjarnadóttur og Rögnu Gunnarsdóttir. Skrift 1 frá Námsgagnastofnum og forskrift kennara. Flestir náðu að klára Ritrún 1 en hún var notuð sem hluti af heimanámi.



Stærðfræði: Sproti 2a og 2b nemendabók og æfingahefti. Vasareikningsæfingar og ýmist aukaefni frá kennurum. Aukabækur: Viltu reyna? og Tíu tuttugu. Áhersla var á einstaklingsmiðað nám, para- og hópavinnu t.d. var hringekja einu sinni í viku þar sem unnin voru hlutbundin verkefni og ýmis stærðfræðispil. Einnig fengu nemendur að fara reglulega í tölvur og lpada þá voru notaðir vefir námsgagnastofnunnar [www.mms](http://www.mms) og [www.multi.no](http://www.multi.no) Sprotavefurinn.

Einu sinni í viku var haldinn bekkjarfundur þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig, rædd voru ýmis mál sem tengdust nemendum s.s. líðan, hegðun og þarfir í anda uppbyggingarstefnunnar. Gerður var bekkjarsáttmáli og farið var yfir hlutverk nemenda og kennara.

---

## 5.2 NÁMSMAT

---

Nemendur tóku tvær Læsi - lestrarskímanir og Lesmál – mat á lestri og réttitun. Leið til læsis – hraðlestrarpróf voru lögð fyrir fjórum sinnum á skólaárinu. Borin voru saman tímabilin október - desember og febrúar - maí.

Kennarar útbjuggu skriftarnámsmat sem lagt var fyrir þrisvar á skólaárinu. Framfarir voru bornar saman yfir tímabilið.

Í stærðfræði var símat - stutt próf úr Sprotu námbókinni sem voru unnin reglulega. Síðan var tekin vorkönnun í maí sem fylgir námsefninu. Sumir nemendur fengu styttri útgáfu af könnuninni. Vorkönnunin og prófin úr námsbókinni giltu 40% af heildarnámsmati, vinnubrögð 30% og vinnusemi 30%.

Í náttúru- og samfélagsfræði voru metin einstaklingsverkefni, hópavinna og virkni í umræðum á bekkjarfundum.

---

### 5.3 FERÐALÖG

---

#### Dagsferðir og heimsóknir

- Náttúruskoðun í Skallagrímssgarð og á Bjössaróló
- Gönguferðir um nærumhverfi skólans í tengslum við Egil - götuheiti
- Landnámssetrið - Egilssýning
- Heimsókn á dvalarheimilið Brákarhlíð – sungum fyrir heimilisfólkið
- Heimsókn í Fornbílafjelag Borgarfjarðar
- Heimsókn í fjöliðjuna – Aldan
- Fuglaskoðun í Englendingavík
- Heimsókn í Ráðhúsið
- Héraðsbókasafn, kynning á sumarlestri

#### Vorferð

í

maí var farið með árganginn í rútuferð að Seleyri við Hafnarskóg. Farið var af stað kl. 8:30 frá Grunnskólanum, allir höfðu með sér nesti. Farið var í leiki og nemendur léku sér í fjörunni í frjálsum leik. Kl. 11:00 var farið í mat í mötuneyti skólans. Eftir matinn var gengið í Englendingavík þar sem nemendur léku sér áfram í frjálsum leik.

Dagmar M. Harðardóttir

Hólmfríður Ólafsdóttir

---

## 6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR

---

Nemendur í 3. bekk voru 29 samtals. Kynjaskiptingin var 12 stúlkur og 17 drengir að vori. Tveir nemendur komu í skólann um áramót og einn nemandi í apríl. Nemendur voru í tveimur umsjónarhópum, 14 í öðrum og 15 í hinum.

Umsjónarkennarar hópsins voru Ingibjörg Grétarsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir og kenndu þær íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúi allan veturinn var Kolbrún Óttarsdóttir og að hópnum komu í lengri eða skemmri tíma stuðningsfulltrúarnir Guðbjörg Konráðsdóttir, Ásgerður Arnfinnsdóttir og Guðný Guðmarsdóttir. Íþróttir kenndu Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir. Textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir, hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir, heimilisfræði kenndi Sesselja Tómasdóttir og myndmennt var í höndum Jónínu Berg. Tónmennt kenndi Jóhanna Marín Óskarsdóttir. Aðalbjörg Þórólfsdóttir sá um sérkennslu í hópnum, auk Sigríðar Hrundar Hálfánardóttur, þroskaþjálfar og Helenu Guðmundsdóttur, kennara. Elín Kristinsdóttir var með lestrarnámskeið í 4 vikur á miðjum vetri, fyrir þá sem ekki fengu sérkennslu yfir veturinn. Sæbjörg Kristmannsdóttir sá um íslensku sem annað mál, 1 tíma á viku og sérkennslu í sundi.

---

### 6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins, sjónrænt skipulag sýnilegt á töflu. Námsgreinar hjá umsjónarkennurum voru settar sem X tímar á töflu. Áhersla var lögð á þemavinnu, þar sem stuðst var við aðferðir byrjendalæsis. Sérstök áhersla lögð á íslensku og tengja hana öllu öðru námi, ekki síst stærðfræði, þar sem unnin var hugtakabók sem fylgja mun nemendum upp í 4. bekk. Mikil áhersla lögð á lestur bæði

í skólanum og heima. Tveir tímar á viku var stærðfræðihringekja, þvert á umsjónarhópa, einn stelpuhópur og tveir strákahópar. Á vorönn var stöðvavinna tvisvar í viku, eina kennslustund í senn, upplýsingatækni, stærðfræðispil, sögupokar og umferðarfræðsla í ípad. Í stöðvavinnunni var nemendahópnum skipt upp í 4 hópa, þvert á umsjónarhópa, 2 hópar þar sem meirihlutinn var stelpur.

Meirihluti nemenda árgangsins fylgdist að í stærðfræði, 2 voru áberandi á eftir jafnöldrum og voru með einstaklingsnámskrá og fengu sérkennslu. Eins voru nokkrir sem fengu að byrja á 4. bekkjar námsefni í stærðfræði.

Í íslensku í byrjendalæsinu og í þemavinnunni var reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemanda þó efnið væri sama hjá öllum.

Í uppeldi til ábyrgðar, var gerður bekkjarsáttmáli um samskipti, farið yfir hlutverk nemenda og starfsfólks. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur þekktu sínar þarfir og leystu úr ágreiningi á uppbyggilegan hátt.

Aðalnámskrá grunnskólans var höfð að leiðarljósi við gerð kennsluáætlana.

Grunnefni í íslensku: Í íslensku var unnið eftir aðferðum byrjendalæsis og því ótal bækur notaðar, efni sem kennarar útbjuggu og sem aukaefni voru notaðar bækurnar Ritrún 1-3 og Skrift 2-3. Orðaskyggirnir notuð fyrir handbók til að leita orðskýringa og raða í stafrófsröð.

Grunnnámsefni vetrar í stærðfræði: Eining 5 og verkefni úr Einingamöppu 5 og 6, Sproti 3A og 3B, nemendabækur, Hefti vasareikna. Útistærðfræði í hringekjum á haustdögum, vefurinn multi.no var alltaf notaður í hringekjum.

Grunnefni í samfélagsfræði og náttúrufræði: Að þessu sinni var“ Komdu og skoðaðu bílinn“ tekinn fyrir, „Komdu og skoðaðu landakort“,“ Komdu og skoðaðu hafið“ og „Komdu og skoðaðu hringrásir.“ Trúarbragðafræði. Kostuleg kort og gröf.

Foreldraviðtöl: 14. október og 2. Febrúar

---

## 6.2 NÁMSMAT

---

Símat í stærðfræði, kaflapróf úr Sprota yfir veturinn tekið saman í skólaeinkunn að vori. Leið til læsis, hraði og nákvæmni skoðað þrisvar yfir skólaárið. Leskilningur prófaður að vori. Umsagnir gefnar fyrir skrift, samfélags- og náttúrufræði að vori. Nemendur fengu einkunaspjald að vori.

Haustfundur með foreldrum í september. Þar var gagnvirkur lestur kynntur fyrir foreldrum og aðferðir við samlagningu og frádrátt í stærðfræði.

---

## 6.3 VIÐBURÐIR

---

*Nóvember:* Útvarpsþáttur, samantekt úr efni trúarbragðafræðinnar; Lestur á degi íslenskrar tungu með vinabekk. *Desember:* Helgileikur í umsjón 3. bekkjar, 100 daga hátíð í *febrúar*, dúkkulísuverkefni fór af stað í febrúar og haldin var kynning á því fyrir foreldra í *apríl*, árshátíð skólans í *mars*, 3. bekkur var þar með leikþátt, söng og dans, fjöruferð í Akrafjöru í *maí*, opið hús í öllum skólanum þar sem 3. bekkur sýndi afrakstur fjöruferðar og handverk úr list- og verkgreinum ásamt öllum bekkjum skólans. Þátttaka í alþjóðlegu friðarhlaupi í *maí*, ferð á fuglasýningu í *maí*, Englendingavík heimsótt í lok *maí*.

Ingibjörg Grétarsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir

---

## 7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR

---

Nemendur í 4. bekk voru 40. Kynjaskiptingin var 19 stúlkur og 21 drengur. Ein stúlkan var tvær vikur í senn hjá okkur og hinar tvær í Grunnskólanum á Flúðum.

Umsjónarkennarar hópsins voru Gunnar Sigurjónsson og Halldóra Björnsdóttir. Kolbrún Kjartansdóttir kenndi öðrum hópnum frá áramótum vegna breytinga sem urðu þá á miðstigi. Stuðningsfulltrúar voru Victor Pétur Rodriguez (til áramóta) og Sveinbjörg Stefánsdóttir (allt skólaárið). Kennslan var í formi almennrar bekkjarkennslu, þ.e. allar bóklegar greinar voru í höndum fyrrgreindra kennara. Fyrri hluta árs var sérkennsla í höndum Guðmundu Ólafar Jónasdóttur en seinni hluta ársins var engin eiginleg sérkennsla. Gunnar Straumland var með sérþjálfun í íslensku fyrir tvítýngda nemendur einu sinni í viku. Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Sesselja Tómasdóttir, tónmennt kenndi Jóhanna Marín Óskarsdóttir, myndmennt kenndi Jónína Berg, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmisdóttir og hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir. Sigríður Hrund Hálfánardóttir og Helena Björk Guðmundsdóttir sáu um hluta af kennslu fjögurra nemenda í árganginum í Kletti.

---

### 7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við hana. Mikil áhersla var lögð á lestur, bæði heima og í skólanum. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á samvinnu og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat.

Fyrstu vikurnar fóru að töluverðu leyti í undirbúning fyrir samræmd próf í íslensku og stærðfræði, bæði þjálfun í efninu og kynningu á formi prófanna.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Einnig settu nemendur sér markmið í fyrra viðtali sem var svo rætt í því síðara.

Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

---

## 7.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið að sameiginlegum verkefnum einstaklingslega og í hópum t.d. þemavinnu.

---

## 7.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var með reglulegu millibili, þ.e.a.s. þrjár kannanir í íslensku og stærðfræði, tvær kannanir í ensku, þrjú hraðapróf í lestri og eitt lesskilningspróf í tveimur hlutum.

Í samfélagsfræði var metin verkefnamappa, virkni og vinnubrögð.

---

## 7.4 VIÐBURÐIR

---

Farin var skoðunarferð í Einkunnir í september.

Á degi íslenskrar tungu 16. nóv. var farið í leikskóla og sungið og leikið fyrir nemendur þeirra og starfsfólk.

Nemendur áttu framlag í jólaútlitum þar sem þeir leiklásu brot úr Dýrunum í Hálsaskógi og sáu um söng í helgileik á jólaskemmtun.

Nemendur tóku þátt í árshátíð skólans en allir á miðstigi æfðu og fluttu dansatriði, söngatriði og leikatriði.

Nemendur fóru í heimsókn í Safnahús Borgarfjarðar og fengu þar kynningu á fuglum.

Farnar voru nokkrar vettvangsferðir í tengslum við náttúrufræði og samfélagsfræði og verkefni unnin út frá þeim.

Farið var í heimsókn í Ölduna að frumkvæði foreldra.

Nemendur tóku þátt í Barnamenningarhátíð í Reykholti 3. maí ásamt árgöngum 5. og 6. bekkjar. Þar fluttu þeir leikrit um Snorra Sturluson sem áður hafði verið flutt á árshátíð skólans.

Vorferð árgangsins var farin á Hvanneyri 25. maí. Þar var heimsótt Ullarselið, Landbúnaðarsafnið, fjósið og grunnskólinn.

Gunnar Sigurjónsson, Halldóra Björnsdóttir, Kolbrún Kjartansdóttir



---

## 8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR

---

Í 5. bekk voru 25 nemendur í vetur og var kynjahlutfallið 12 drengir og 13 stúlkur. Nemendur voru í upphafi vetrar 24 en eftir páska bættist eins stúlka í hópinn. Þá voru nemendur orðnir 25 talsins, 12 strákar og 13 stúlkur. Umsjónarkennarar hópsins voru Erla Helga Sveinbjörnsdóttir sem kenndi íslensku, ensku, samfélagsfræði, lífsleikni og upplýsingatækni og Guðmundur Eypórsson sem kenndi stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni og upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúar voru Anna María Aradóttir fram að jólum og Fjóla Veronika Guðjónsdóttir.

---

### 8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Allir dagar hófust á tuttugu mínútna lestrarstund þar sem nemendur lásu í yndislestrarbókunum í hljóði, ásamt því að lesa fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa í heimalestursbókum. Stundum fóru þau í paralestur með öðrum nemendum og alltaf var kvittað fyrir í lestrardagbók. Áhersla var lögð á heimalestur daglega. Farið var í fjögurra vikna PALS lestrarátak fyrir páska sem tókst vel og nemendur hraðlestrarprófaðir þrisvar sinnum yfir veturinn, ásamt því sem mat á lesskilningi fór fram að hausti og vori -Orðarún.

Unnið var með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla í öllum fögum.

Grunnbækur í íslensku voru Skræða I og II, Lesrún 1, Mál til komið, Málrækt 1 og skrift. Einnig voru lesnar bækurnar Loftur og gullfuglarnir, Hundakúnstir, Óboðnir gestir, Svaðilför í berjamó og Græna bókin. Einnig var stuðst við verkefni af Skólavefnum (m.a. lestextar úr lestrarkassanum) og af vef Námsgagnastofnunar.

Í ensku var grunnbókin Build Up 1 kennd ásamt þemaverkefnum út bókunum A Year of Fun og A World of Record, ásamt Dickory og Dock.

Grunnefni í stærðfræði var Stika 1a og byrjað á 1b og vann hver og einn á sínu getu- og hraðastigi. Nemendur unnu verkefni í Excel.

Samfélagsfræðin var tvískipt. Fyrst var landafræði; Ísland - veröld til að njóta og seinnihluta vetrar var tekið fyrir víkingaþema; Víkingaöld. Í náttúrufræði voru teknar fyrir bækurnar Líf á landi, kennd með útikennslu að hluta til og Auðvitað 1. Einnig unnu nemendur verkefni í Power Point tengt Líf á landi.

Lífsleikni var í formi uppbyggingar, bekkjafunda og verkefna. Upplýsingatækni skiptist í bókasafnstíma og vinnu, m.a. Réttitunarorðabók og verkefni í tölvu.

---

## 8.2 NÁMSMAT

---

Stuðst var við símat að öllu leyti. Kannanir lagðar fyrir reglulega eftir hvern kafla. Einnig var vinna nemenda metin á önninni.

---

## 8.3 FERÐALÖG

---

Nemendur tóku þátt í jólaútlitum, árshátíð og opnu húsi skólans að vori. Einnig tóku þeir þátt í Barnamenningarhátíð sem fram fór í Reykholti, ásamt því sem þau fóru suður í námsferð á landnámssýninguna í Austurstræti og á Þjóðminjasafn Íslands. Þau söfnuðu jafnframt fyrir ABC barnahjálpinu eins og hefð er fyrir. Ein ferð var farin í Einkunnir með öðrum nemendum á miðstigi.

Erla Helga Sveinbjörnsdóttir og Guðmundur Eypórsson

---

## 9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR

---

Nemendur 6. bekkjar voru 31. Kynjaskipting var 17 drengir og 14 stúlkur. Umsjónarkennarar voru Andrea Eðvaldsdóttir og Helga Markúsdóttir. Helga var með 14 í umsjón. Andrea var með 18 í umsjón. Kenndu þær íslensku, náttúrufræði, ensku dönsku, samfélagfræði í sínum hópum en Hildur Hallkelsdóttir kenndi stærðfræði í umsjónarhópi Helgu. Sérkennsla var í hönum Gunnars Straumlands. Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Sesselja Tómasdóttir, tónmennt kenndi Jóhanna Marín Óskarsdóttir, myndmennt kenndi Jónína Berg, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir. Sigríður Hrund Hálfánardóttir, Helena Björk Guðmundsdóttir og Fanney Þorkelsdóttir sáu um hluta af kennslu eins nemanda í árganginum í Kletti auk Guðrúnar Ámundadóttur stuðningsfulltrúa.

---

### 9.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Unnið með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla og kennsla skipulögð í samræmi við það. Komið var til móts við þarfir nemanda í hverju fagi og reynt að aðlaga námsefni ef á þurfti að halda. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir og lögð áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og fjölbreytt námsmat.

Nemendur tóku þátt í lestrarátakinu allirlesa.is og stóðu sig frábærlega vel.

Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og lögð áhersla á að nemendum liði vel. Áhersla lögð á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar. Þar var farið yfir líðan nemanda, vinnu þeirra og framkomu.

Lagt var upp með að framkoma og samskipti nemanda væri góð og reynt að vinna með það.

Nemendur voru hvattir til að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og að fara eftir fyrirmælum.

Heimanám var ekki mikið en lögð var áhersla á að nemendur læsu heima 5 sinnum í viku.

---

## 9.2 NÁMSMAT/SÍMAT

---

Stuðst var við símat að miklu leiti. Metin voru verkefni nemanda, vinnubrögð og lögð voru fyrir kaflapróf og lokapróf. Námsmatsmöppur voru notaðar og fóru þær heim í hverjum mánuði.

---

## 9.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF

---

Nemendur í 6. bekk tóku þátt í árshátíð skólans. Farið var í ferð í Reykholt ásamt öðrum bekkjum af miðstigi. Nemendur voru með þátt í jólaútvarpi og höfðu kynningu fyrir foreldra þar sem þeir kynntu Norðurlanda - verkefni.

Andrea Eðvaldsdóttir og Helga Markúsdóttir



---

## 10. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR

---

Nemendur í 7. bekk voru upphaflega 26. Kynjaskiptingin var 10 stúlkur og 16 drengir. Ein stúlka var skráð í skólann eftir skólabyrjun en stoppaði stutt, önnur stúlka kom til okkar í nóvember og voru nemendurnir 27 út skólaárið. Ein stúlkan var tvær vikur í senn hjá okkur og hinar tvær í Grunnskólanum á Flúðum.

Umsjónarkennarar hópsins voru Birna Hlín Guðjónsdóttir og Rán Höskuldsdóttir og kenndu þær lífsleikni, ensku og dönsku í sitt hvorum hópnum. Rán kenndi íslensku og samfélagsfræði þvert á árganginn og Birna Hlín stærðfræði og náttúrufræði. Stuðningsfulltrúi var Katrín Rósa Eðvaldsdóttir. Fyrri hluta árs var sérkennsla í höndum Kolbrúnar Kjartansdóttur en seinni hluta ársins var hún í höndum Guðmundu Ólafar Jónasdóttur. Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Sesselja Tómasdóttir, tónmennt kenndi Jóhanna Marín Óskarsdóttir, myndmennt kenndi Jónína Berg, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir. Allir fyrrgreindir list- og verkgreinakennarar kenndu einnig valgreinar á miðvikudögum auk Önnu Guðmundsdóttur, Gunnars J. Straumland, Heiðu Dísar Fjeldsted, Margrétar Skúladóttur, Páls Leó Jónssonar og Victors Péturs Rodriques. Sigríður Hrund Hálfánardóttir, Helena Björk Guðmundsdóttir og Fanney Þorkeldsdóttir sáu um hluta af kennslu þriggja nemenda í árganginum í Kletti auk Guðrúnar Ámundadóttur stuðningsfulltrúa.

---

### 10.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð

vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluáðferðir sem og fjölbreytt námsmat.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Einnig settu nemendur sér markmið í fyrra viðtali sem var svo rætt í því síðara.

Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

---

## 10.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Nemendur unnu mikið sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu.

---

## 10.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum, lokaverkefnum skilað með fjölbreyttum hætti og formlegum annarprófum.

---

## 10.4 VIÐBURÐIR

---

7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 21. - 25. janúar.

Þeir tóku þátt í Jólaúttvarpi (í desember), árshátíð (í mars), Gleðileikum (í apríl) og útivistardegi (í lok maí).

Nemendur fóru í heimsókn að Borg á Mýrum í tengslum við námsefnið í Eglu.

Við höldum undankeppni fyrir Stóru upplestrarkeppnina 24. febrúar. Stóra upplestrarkeppnin var í Auðarskóla í Búðardal 14. apríl 2016 og fóru þeir fulltrúar frá okkur þangað. Einn þeirra hreppti þriðja sætið.

Farin var vorferð að Þingvöllum og í sund í Mosfellsbæ 1. júní.

7. bekkur tók samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði 24. og 25. september.

Birna Hlín Guðjónsdóttir og Rán Höskuldsdóttir

---

## 11. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR

---

- 21 nemandi 13 drengir og 8 stúlkur fyrir áramót en 14 drengir og 7 stúlkur eftir áramót
- Margrét Skúladóttir umsjónarkennari, kenndi; stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni og lífsleikni.
- Jónína Laufey Jóhannsdóttir kenndi íslensku og lífsleikni.
- Páll Leó Jónsson kenndi ensku og dönsku.



---

### 11.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Áhersla var lögð á að nemendur efldu ábyrgð á námi sínu og myndu öðlast aukið sjálfstæði við lausn verkefna.

Þær kennslustundir sem Jónína kom inn í bekkinn var Margrét einnig. Kennarar lögðu inn námsefni í upphaf kafla/lotna. Vinnutímar voru þess á milli og þá fengu nemendur oft nokkuð frjálssar hendur í hvaða röð þeir leystu verkefni sem lögðu voru fyrir. Í upphafi dags var skrifað á töfluna hvað lá fyrir í nokkrum fögum (fyrir utan ensku og dönsku) og unnu nemendur verkefnið í þeirri röð sem þeim hentaði en voru meðvitaðir um að halda þurfti áfram til að ná að ljúka verkefnum fyrir næstu innlögn. Kennarar hjálpuðu þeim nemendum sem óskuðu þess. Einnig voru nemendur sem þess þurftu látnir lesa og þeir sem þurfa meiri aðstoð fengu hana og gátu jafnvel farið afsíðis á gangi í stofunni til að vera í friði og ró með sín verkefni.

Kennarar nýttu sér teymiskennslu að miklu leyti eftir áramótin til að koma til móts við ólíkar þarfir nemendanna þar sem greiningar eru fjölmargar og hópurinn fjölbreyttur.

Yndislestur fastur liður.

Töluvert heimanám, þó ekki of mikið. Stíft haldið utan um heimalestur. Stærðfræði, heimadæmi í 1-2 sinnum í mánuði. Áhersla á ritun í fleiri fögum en íslensku.

Uppbygging til ábyrgðar mikið notuð til að efla hvern einstakling og auka sjálfstæði og trú á eigin getu. Hrós mikilvægt og getur það breyt miklu í starfinu dagsdaglega.

Grunnefni í stærðfræði var átta tíu 1 og 2 ásamt völdum verkefnum úr Almennri stærðfræði 1 og 2. Stuðst var við próf úr Stólpa við gerð miðannaprófs og vorprófs. Gagnvirk tölvuforrit bæði í tölvu og í pad töluvert notað.

Íslenska: Kveikjur textabók og vinnubók sem og Tungufoss og Tungutak frá Skólavefnum. Einnig var stuðst við Málfinn og ýmis verkefni sem kennari útbjó og tók að vef. Laxdæla lesin og unnin verkefni tengd henni.

Í náttúrufræði og samfélagsfræði var stuðst við nemendamiðað nám þar sem nemendur og kennari ræddu saman hvernig farið var í viðfangsefnið, hver afurð vinnunnar yrði í lokin og hvað væri metið. Nemendurnir voru mjög sáttir með þetta fyrirkomulag og skiluðu góðri vinnu eftir jákvæða vinnutörn.

---

## 11.2 FERÐALÖG

---

Farið var í skíðaferð til Ísafjarðar í tvær nætur. Mjög skemmtileg ferð og þroskandi fyrir hópinn.

Nýttum sýningar í Safnahúsi Borgarfjarðar.

Margrét Skúladóttir

---

## 12. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR

---

Nemendur í 9. bekk voru alls 38, 19 í hvorri bekkjardeild. Alls 20 strákar og 18 stelpur.

Umsjónarkennari 9.HSM var Helga Stefanía Magnúsdóttir sem kenndi íslensku og dönsku í báðum bekkjardeildum, auk ensku og lífsleikni í HSM bekknum. Umsjónarkennari 9.KF var Kristín Frímansdóttir sem kenndi stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði í báðum bekkjardeildum auk upplýsingatækni og lífsleikni í KF bekknum. Páll Leó Jónsson kenndi upplýsingatækni í HSM bekknum og Gunnar Straumland kenndi ensku í KF bekknum. Íþróttá- og sundkennsla var í höndum Hönnu Sigríðar Kjartansdóttur og Sigrúnar Ö. Sigurðardóttur. List og verkgreinakennsla var í höndum, Evu Láru Vilhjálmsdóttur sem kenndi textílmenn, Guðrúnar Steinunnar Guðbrandsdóttur sem kenndi hönnun og smíðar, Jóhönnu Marínar Óskarsdóttur sem kenndi tónmennt, Jónínu Berg sem kenndi myndmennt og Sesselju Tómasdóttur sem kenndi heimilisfræði.

Nokkrir nemendur nýttu sér aðstoð í verkefnaveri þar sem Páll Leó Jónsson, Gunnar Straumland, Inga Margrét Skúladóttir, Margrét Skúladóttir og Jónína Laufey Jóhannsdóttir voru til aðstoðar.

---

## 12.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín og töluvert gert í því að hnoða hópinn betur saman. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og jafnframt að njóta sín í hóp. Reynt var að nota fjölbreytileg verkefni og kennsluaðferðir.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar.

---

## 12.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlög, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Nemendur unnu mikið sjálfstætt, en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlög á töflu, samvinnunám, lausnaleitarnám, hópavinna, fyrirlestrar og heimildavinna.

---

## 12.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kynningum, kaflaprófum og formlegum lokaprófum

---

## 12.4 VIÐBURÐIR

---

Árgangurinn fór í Ungmenna og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal 19.-23. október.

Nemendur völdu sig í áhugasviðshópa fyrir árshátíðina, annað hvort í leiklist, tónlist, sviðsmynd, skreytingar, hár og förðun, búninga eða hljóð. Sett var upp stytt útgáfa af Dýrunum í Hálsaskógi.

Nemendur stóðu fyrir kaffihúsi á opnum degi í maí.

Nemendur fóru í námsferð á Hernámssetrið á Hlöðum í Hvalfirði í tengslum við námsefni í samfélagsfræði. Þar voru unnin verkefni sem safnið hafði tilbúið fyrir okkur. Farið var á vordögum, en fjallað var um hernámið á Íslandi um miðjan vetur, en þá var Hernámssetrið lokað. Betra hefði verið að ferðin og umfjöllunin í skólanum væri á sama tíma, t.d. að vori. Í tengslum við námsefnið fengum við Heiðar Lind sem gestafyrirlesara, það var mjög vel heppnuð heimsókn.

Helga Stefanía Magnúsdóttir  
Kristín Frímansdóttir

---

### 13. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR

---

Nemendur í 10. bekk voru upphaflega 28 en fækkaði um einn um áramótin og voru því 27 það sem eftir var. 12 í annarri bekkjardeildinni og 15 í hinni. Kynjaskiptingin var 11 stúlkur og 17 drengir.

Umsjónarkennarar hópsins voru Kristín María Valgarðsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir og kenndu þær náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni í sitt hvorum hópnum. Kristín kenndi íslensku þvert á árganginn og Inga Margrét stærðfræði. Í upphafi árs var Fjóla Veronika Guðjónsdóttir stuðningsfulltrúi en hún var einungis fram að áramótum og eftir það var enginn stuðningsfulltrúi. Í 10. KMV kenndi Páll Leó Jónsson ensku og dönsku en í 10. IMS var það Agnes Hansen. Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Sesselja Tómasdóttir kenndi heimilisfræði, Jóhanna Marín Óskarsdóttir tónmennt, Jónína Berg, myndmennt, Eva Lára Vilhjálmsdóttir textílmennt og hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir. Allir fyrrgreindir list- og verkgreinakennarar kenndu einnig valgreinar á miðvikudögum auk Önnu Guðmundsdóttur, Gunnars J. Straumland, Heiðu Dísar Fjeldsted, Margrétar Skúladóttur, Páls Leó Jónssonar og Victors Péturs Rodriques.

Nokkrir nemendur nýttu sér aðstoð í verkefnaveri þar sem Páll Leó Jónsson, Gunnar Straumland, Inga Margrét Skúladóttir, Margrét Skúladóttir og Jónína Laufey Jóhannsdóttir voru til aðstoðar.

---

### 13.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Hugmyndafræði stefnunnar Uppeldi til ábyrgðar var nýtt í allri vinnu.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Einnig settu nemendur sér markmið í fyrra viðtali sem var svo rætt í því síðara.

---

### 13.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlög, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Nemendur unnu mikið sjálfstætt, en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlög á töflu, samvinnunám, lausnaleytnám, hópavinna, fyrirlestrar og heimildavinna.

Í maí mánuði var brotin upp hefðbundin kennsla og fóru nemendur þá á ýmsa fyrirlestra, á námskeið í skyndihjálpi, í starfskynningar til fyrirtækja í Borgarbyggð og í heimsóknir til stofnana í tengslum við nám í þjóðfélagsfræði.

---

### 13.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og ýmsum verkefnum skilað með fjölbreyttum hætti ásamt formlegum lokaprófum.

---

### 13.4 VIÐBURÐIR

---

10. bekkur tók samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfæði og ensku 21. – 23. september.

Nokkrir nemendur tóku þátt í Stærðfræðikeppni grunnskólanna sem fram fór á Akranesi í lok febrúar.

10. bekkur fór í þriggja daga skólaferðalag í Skagafjörðinn eftir samræmdu prófin í lok september. Einnig tóku nemendur þátt í jólaútlarpi í desember, þemaviku í mars sem lauk með árshátíð skólans. Þeir völdu sig í áhugasviðshópa fyrir árshátíðina, annað hvort í leiklist, tónlist, sviðsmynd, skreytingar, hár og förðun, búninga eða hljóð. Sett var upp stytt útgáfa af Dýrunum í Hálsaskógi. Gleðileikarnir voru haldnir í apríl og einnig var útivistardagur í lok maí og tóku nemendur 10. bekkjar þátt í þessum viðburðum.

Í lok maí fór 10. bekkur í skólaferðalag til Reykjavíkur og við heimkomu tóku foreldrar á mót með veitingum. Nemendur gistu síðan í skólanum ásamt kennurum og fengu morgunverð þar sem foreldrar útbjuggu.

---

## 14. SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA

---

Allir bekkir frá 1. – 10. bekk voru með tvo tíma á viku í 40 mínútur í senn.

Kennslan fór fram í íþróttahúsinu, en bæði á haustin og vorin er farið út ef veður leyfir.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kynna allar íþróttagreinar, leiki, styrktaræfingar, þol, snerpu, liðleika o.fl.

Nærræna skólahlaupið var hlaupið um haustið (sept/okt 2015)

7. og 8. bekkur tekur þátt í Norrænum þrekraunum.

Ofurbekkjaleikar fyrir unglingastig voru ekki haldnir þetta skólaár (verða haustið 2016).

---

### 14.1 NÁMSMAT

---

Frammistöðumat er 3 x yfir skólaárið þar sem horft er á t.d. virkni í tímum, áhuga, vinnubrögð, samstarf og virðing fyrir skólafélögum og kennurum.

Multistages Fitness test(Píp – þolpróf) er tekið einu sinni að hausti og einu sinni að vori fyrir 3.-10. bekk og er haft til hliðsjónar í námsmati.

Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir



---

## 15. SKÝRSLA SUNDKENNARA

---

Allir bekkir frá 1.- 10.bekk fá 1 x sund í viku.

Bekkirnir eru hópskiptir eftir fjölda nemenda í bekk, en 9.bekkur og 10.bekkur voru kynjaskiptir.

Kennslan fór fram í innilaug og rennibrautalaug hjá yngstu nemendum en aðallega í útilaug hjá elstu nemendum. 5. bekkur og uppúr eru aðallega úti.

Í kennsluni er lögð áhersla á að kenna nemendum allar sunnaðferðir, bæði í gengum tækniæfingar og í leik. Áhersla á ýmis atriði sem koma fyrir í sundstigi hvers bekk.

Einnig fórum við í ýmsa sundknattleiki, vatnsleikfimi og fleira samkvæmt

Aðalnámsskrá.

Sundkennari fer alltaf ofan í laug með 1.bekk og jafnvel öðrum bekkjum ef þörf er á.

Fatasund er á vorin fyrir 5.-10.bekk

---

### 15.1 NÁMSMAT

---

Samræmd sundstig fyrir grunnskóla eru framkvæmd að vori og er tekið í 1. – 10.bekk.

Frammistöðumat að hausti og vori. Sundstig auk frammistöðu í tímum yfir veturinn gefur svo lokaekunn að vori.

Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir

---

## 16. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÐJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

---

Deildarstjóri sérkennslu skólaárið 2015-2016 var Elín Kristinsdóttir. Deildarstjóri sérkennslu er yfirmaður sérkennslumála, heldur utan um skipulag sérkennslu, teymisfundi og ber faglega ábyrgð á sérkennslu innan skólans. Samstarf hefur verið við námsverið Klett sem starfar innan skólans.

Kennarar sem sinntu sérkennslu voru Aðalbjörg Þórólfsdóttir, Guðmunda Ólöf Jónasdóttir, Kolbrún Kjartansdóttir, Helena Björk Guðmundsdóttir, Gunnar Straumland og Páll Leó Jónsson. Auk þeirra komu Inga Margrét Skúladóttir, Jónína Laufey Jóhannsdóttir og Margrét Skúladóttir að verkefnaveri fyrir unglingadeild. Einnig voru tímar hjá umsjónarkennurum á yngsta stigi sem nýttust innan þeirra bekkja. Þroskaþjálfar voru Sigríður Hrund Hálfánardóttir og Fanney Þorkelsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru Monika Mazur, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, Þórdís Ása Arnfinnsdóttir, Guðbjörg Konráðsdóttir, Kolbrún Óttarsdóttir, Sveinbjörg Stefánsdóttir, Victor Pétur Rodriguez, Anna María Aradóttir (til áramóta), Guðný Guðmarsdóttir, Guðrún Ámundadóttir, Katrín Rósa Eðvaldsdóttir, Fjóla Veronika Guðjónsdóttir og Þorvarður Andri Hauksson. Jóhanna María Þorvaldsdóttir bættist í hóp stuðningsfulltrúa síðustu vikur starfsársins.

---

### 16.1 NEMENDATEYMI

---

Í sérkennslunni er mikil áhersla lögð á gott samstarf heimilis og skóla og eru reglulegir nemendateymisfundir þar lykilatriði. Á þeim er farið yfir stöðuna, sameiginlega línur lagðar og áherslur mótaðar. Misjafnt er hversu langur tími líður á milli teymisfunda og er það sameiginleg ákvörðun heimilis og skóla ásamt því að stuðst er við ráðgjöf frá

greiningaraðilum. Fulltrúar frá félagsþjónustunni og/eða sérfræðiþjónustunni sitja í þeim teymum sem við á.

---

## 16.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

---

Í Grunnskólanum í Borgarnesi er lagt upp úr því að styðja vel við þá nemendur sem þurfa á séraðstoð að halda, hvort sem það er vegna námslegrar stöðu, líðanar eða félagslegrar stöðu. Nemendur sem nutu sérkennslu í lengri eða skemmri tíma voru 108 talsins, þar af 35 vegna greininga. Nemendur með frávik í námi fá aðlagað námsefni og/eða stuðning, innan eða utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur svo þeir nái að halda í við bekkjarfélagi en í öðrum er betra að fara hægar yfir. Í einstaka tilfellum er veitt undanþága frá fögum en er það ávallt gert í samráði við foreldra/forráðamenn. Nemendur með tilfinninga- og/eða hegðunarörðugleika fá stuðning við félagslega hegðun.

Aðaláhersla námslegs stuðnings er að mestu leyti á lestur, íslensku og stærðfræði. Gripið er inn í félagslegan vanda með félagshæfnisögum og félagslegri þjálfun og við tilfinningalegum vanda er CAT kassinn notaður ásamt reglulegum viðtölum. Í vetur voru einnig haldin nokkur stutt lestrarnámskeið fyrir nemendur með væga erfiðleika. Voru nemendur þá hjá sérkennara í fjórar vikur og unnu verkefni í heimalestrarmöppu. Ásamt lestri var unnið með ritun, hljóðgreiningu og hljóðgreiningu og lagt upp úr nánu samstarfi við heimilin. Á yngsta stigi (1.-3. bekkur) var áherslan lögð á lestrarþjálfun og talnaskilning. Nemendur fara til sérkennara ýmist einir í stutta stund eða í litlum hópi í lengri tíma. Einnig studdi kennari nemendur inni í kennslustundum. Í 4.-7. bekk fóru nemendur ýmist út í litlum hópum eða þá að sérkennari aðstoðaði nemendur inni í tímum.

Fyrirkomulag sérkennslunnar í unglingadeild var með þeim hætti að nemendur í 8.-10. bekk gátu sótt tíma í verkefnaveri. Þar var unnið í minni hópum, með meiri stuðningi

kennara. Nemendur gátu sjálfir óskað eftir að fá að fara í verkefnaver, t.d. til að vinna upp ef þeir höfðu dregist aftur úr eða til að fá meira næði, en flestir tímar voru fyrirfram ákveðin og festir eins og í hefðbundnu sérkennslufyrirkomulagi. Flestir nemendur sem komu í verkefnaver voru úr 9. og 10. bekk því stuðningur við 8. bekk fólst í litlum hópum innan bekkjar. Í unglingadeildinni var sérstök áhersla lögð á lestur og dagbókarskrif og skilaði það góðum árangri í bættum leshraða og lesskilningi. Tvítýngdir nemendur fóru saman í litlum aldursskiptum hópum í hugtaka-, orðaforða- og málfræðiþjálfun en á yngsta stigi fór sú þjálfun fram innan bekkjar.

---

## 17. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

---

Í textílmennt var skapandi vinna höfð að leiðarljósi. Í upphafi vetrar gerði hver hópur með sér sáttmála um hegðuð og umgengni í stofunni. Farið er yfir matslista með nemendum svo að þeir átti sig betur á til hvers er ættlast af þeim og hvernig kennari metur vinnu þeirra. Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Verkefnin eru útskýrð og nemendum er kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Nemendur þurfa að skrifa nafn sitt uppá töflu svo allir fái aðstoð eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Kennari Eva Lára

### 1. bekkur

Fyrsta bekk var skipt í 3 hópa. Ca 9 nemendur í hverjum hóp. Fyrir áramót kom hver hópur í fjórar vikur í 80 mínútur á viku. Eftir áramót kom hver hópur í 5 vikur í 80 mínútur á viku. Í byrjun skólaárs þurftum við að vísu að hleypa hópnum fyrr út úr tíma þar sem þau fóru í mat á Hóтелиð og sú stað kom svo aftur upp í lok skólans.

Skilduverkefni vetrarins var að teikna mynd á striga og sauma í útlínur með aftursting og vefa.

## **2. bekkur**

Öðrum bekk var skipt í 3 hópa. Þar voru um 11 nemendur í hverjum hóp. Fyrir áramót kom hver hópur í fjórar vikur í 80 mínútur á viku. Eftir áramót kom hver hópur í 5 vikur í 80 mínútur á viku.

Fyrra verkefni vetrarins var að gera snið og sauma handbrúðu sem lítur út eins og draugur. Þi seinna verkefninu var krosssaumauð lítil mynd af mús. Aukaverkefni var að teikna krosssaumsmynd og sauma eftir henni.

## **3. bekkur**

Þriðja bekk var skipt í 3 hópa. 9 til 10 nemendur í hóp. Fyrir áramót kom hver hópur í fjórar vikur og eftir áramót kom hver hópur í 5 vikur. Hópurinn kom tvísar í viku 80 mínútur í senn.

Aðalverkefni vetrarins var að mála með textílmálningu mynd af Hafnarfjalli eða öðru fjalli. Myndin var svo saumuð út með allskonar handsaumuðum sporum. Æfingarverkefni voru svo leyst á saumavélina og að lokum varð myndin af púða. Aukaverkefni var puttaprjón.

## **4. bekkur**

Fjórdi bekk var skipt í 4 hópa. 10 í hverjum hóp. Fyrir áramót kom hver hópur í fjórar vikur og eftir áramót kom hver hópur í 5 vikur. Hópurinn kom tvísar í viku 80 mínútur í senn.

Verkefni vetrarins var samstarfsverkefni þvert á list og verkgreinarnar. Þau búa sér til bangsa/fígúru í textílmennt og sauma þar saman sæng og kotta sem þau höfðu skreytt í myndmennt. Í hönnun og smíði gera þau svo rúm fyrir bangsana.

Bangsarnir eru gerðir úr flísefni og þau læra að draga upp snið og æfast í að klippa efni og þjálfast í nákvæmnisvinnu á saumavélum. Þau sníða fyllingu og bak fyrir sængina og koddan og sauma það svo saman.

#### **5. bekkur**

Fimmta bekk var skipt í 3 hópa. Ca 8 nemendur í hverjum hóp. Fyrir áramót kom hver hópur í fjórar vikur og eftir áramót kom hver hópur í 5 vikur. Hópurinn kom tvisvar í viku 120 mínútur og 80 mínútur.

Verkefni vetrarins var samstarfsverkefni þvert á list og verkgreinarnar. Víkingatímabilið er skoðað og gerðir eru búningar í textílmennt, vopn í hönnun og smíði og í myndmennt eru gerðir skartgripir.

Í textílmennt eru gerðir víkingabúningar þeir eru litaðir ýmist með kaffi eða berjahrati. Nemendur mega svo skreyta þá með útsaum og gera fylgihluti eins og belti.

#### **6. bekkur**

Sjötta bekk var skipt í 3 hópa. Ca 10-11 nemendur í hverjum hóp. Fyrir áramót kom hver hópur í fjórar vikur og eftir áramót kom hver hópur í 5 vikur. Hópurinn kom tvisvar í viku 120 mínútur og 80 mínútur.

Skylduverkefni vetrarins var að hanna og gera pennaveski. Mikil áhersla var lög á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð. Nemendur fegnu að velja sér rennilás einn eða fleirri og áttu svo vinna út frá því. Hvert pennaveski var því alveg einstakt. Það tók mismikinn tíma að klára veskin en þegar þau voru tilbúin gátu nemendur valið sér verkefni eftir áhuga og tíma.

#### **7. bekkur**

Sjöunda bekk var kynjaskipt og endaði skiptingin með einum stelpuhóp með 12 stelpum og tveimur strákahópum 7 í öðrum og 8 í hinum. Hver hópur kom í 8 vikur tvisvar í viku í 120 mínútur og 60 mínútur.

Allir gerðu náttbuxur sem unnar voru eftir verklýsingu og með aðstoð frá kennara. Nemendur voru hvattir til þess að gera sínar útfærslur þannig að engar urðu eins. Ef tími gafs mátti gera aukaverkefni að eigin vali í samræmi við tíma sem eftir var.

### **8. bekkur**

Áttunda bekk var kynjaskipt einn stelpuhópur með 7 stelpum og strákahópur með 14 strákum. Hver hópur kom í 8 vikur tvísvar í viku í 120 mínútur og 60 mínútur.

Verkefni vetrarins var að velja sér mynd, setningu eða nafn til þess að sauma út í krosssaum, notast var við tölvuforrit sem heitir Cross Stitch Professional Platinum. Myndin var svo útfærð sem púði eða veggmynd.

### **9. og 10. bekkur**

Bekkjunum var blandað saman og hópnum skipt í 5 hópa 3 stráka hópa og 2 stelpu hópa. Ca 13 í hóp. Hver hópur kom í 8 vikur tvísvar í viku í 120 mínútur og 60 mínútur. Nemendur fengu frekar frjálsar hendur með val á verkefnum. Áhersla var lögð á að nota tækifærið og styrkja veika þætti sem tengjast textílmennt.

Eva Lára Vilhjálmsdóttir

---

## **18. SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA**

---

Tónmenntakennslan var í höndum Jóhönnu Marínar Óskarsdóttur í vetur og var kennd tónmennt í öllum bekkjum skólans, frá 1. bekk upp í 10. bekk, samtals u.þ.b. 386 nemendur. 1.-6. bekkur fékk 40 mín. tíma einu sinni í viku en 7.-10. bekk var skipt í hópa og fékk hver hópur um sig 3x40 mín. á viku 7 vikur í senn.

Nemendur lærðu, á öllum stigum undirstöðuatriði í tónlist s.s. hrynn, nótnaheiti, hljóðfæraheiti og tipplað var á einstaka köflum tónlistarsögunnar. Líkamsvitundin,

hlustun og tjáning voru eflað í leik og söng, dansi, hlustun og hljóðfæraleik. Skólasöngurinn var æfður á yngsta- og miðstigi.

Valdir nemendur úr 5. og 7. bekk stýrðu söngnum á jólaballi skólans og tókst það mjög vel.

Valgreinar voru í tónmennt fyrir 7.-10. bekk, trommuhringur og hljóm-sveitarval. Kennt var eina klst. á viku í sjö vikna lotum. Trommuhringin sóttu nemendur úr 7. og 8. bekk og hljómsveitarvalið sóttu nemendur úr 9. bekk.

---

## 18.1 YNGSTA STIG

---

- Kennslustundir:**
1. bekkur kom í tveim hópum ásamt einum stuðningsfulltrúa í hvorum hóp, einu sinni í viku 40 mín. hvor.
  2. bekkur, hver bekkur um sig kom einu sinni í viku í 30. mín. í senn.
  3. bekkur kom í tveim hópum ásamt einum stuðningsfulltrúa í hvorum hóp, einu sinni í viku 40 mín. hver.
- Námsefni:** Hring eftir hring eftir Elvu Lilju Gísladóttur, það var lagið eftir Elvu Lilju Gísladóttur og Kristínu Valsadóttur, Tónlist og umhverfi eftir Pétur Hafþór Jónsson og Þórdísi Sævarsdóttur, tónlistarævintýrið Veiða vind, Pétur og úlfurinn og ýmis önnur verkefnablöð og kennsluefni ásamt þeim skóla-hljóðfærum sem til eru. Kennsluvefur [www.tonmennt.com](http://www.tonmennt.com).
- Kennsla:** Í vetur var farið í hryn og púls. Nemendur lærðu að þekkja hálf nótu, fjórðapartsnótu, áttundapartsnótu og fjórðapartspögn. Þeir lærðu að umgangast og spila á trommur, hristur, þríhorn og stafi. Prófuðu horn, trompet og fiðlu og lærðu að þekkja helstu



hljóðfæri símfóníuhljóm-sveitarinnar. Hlustuðu á tónlistarævintýrin Veiða vind og Pétur og úlfinn. Líkamsvitundin var efld bæði í leik, dansi og söng.

Námsmat: Við námsmat var tekið mið af þremur þáttum

- 1) Þátttaka í tímum.
- 2) Framkoma og hegðun í tímum
- 3) Verkefni

---

## 18.2 MIÐSTIG

---

Kennslustundir: Hver bekkur um sig kom einu sinni í viku í 40 mín. í senn.

Námsefni: Það var lagið eftir Elvu Lilju Gísladóttur og Kristínu Valsadóttur, Tónlistarævintýrið Veiða vind, Pétur og úlfurinn og ýmis önnur verkefnablöð og kennsluefni frá kennar ásamt þeim skólahljóðfærum sem til eru. Kennsluvefur [www.tonmennt.com](http://www.tonmennt.com).

Kennsla: Í vetur var farið í hrynn og púls. Nemendur lærðu að þekkja hálf nótu, fjórðapartsnótu, áttundapartsnótu, sextándaparts-nótu og fjórðapartspögn. Þeir lærðu að umgangast og spila á trommur, hristur, þríhorn og stafí. Prófuðu horn, trompet og fiðlu og lærðu að þekkja helstu hljóðfæri símfóníuhljóm-sveitarinnar og að flokka þau í fjölskyldur. Hlustuðu á tónlistarævintýrin Veiða vind og Pétur og úlfinn. Líkamsvitundin var einnig efld bæði í leik, dansi og söng.

6.bekkur flutti trommugjörning á opnum degi skólans. Trommurnar höfðu þau sjálf gert í smíði í skólanum.

Námsmat: Við námsmat var tekið mið af þremur þáttum

- 1) Þátttaka í tímum.
- 2) Framkoma og hegðun í tímum
- 3) Verkefni

---

### 18.3 ELSTA STIG

---

Kennslustundir: 7. og 8. bekkir voru í kynjaskiptum hópum í 7 vikna lotum. Hver hópur kom tvisvar í viku, annarsvegar í 3x40 og hins vegar í 60 mín

9. og 10. bekkir voru einnig í kynjaskiptum hópum í 7 vikna lotum. Hver hópur um sig kom einu sinni í viku í 3x40 mín hver.

Námsefni: Hljóðspor eftir Pétur Hafþór Jónsson og ýmis önnur verkefnablöð frá kennara. Þau skólahljóðfæri sem til eru og ípadar.

Kennsla: Nemendur lærðu að þekkja helstu hljóðfærin og hvaða fjölskyldu þau tilheyrðu og prófuðu bæði horn og trompet. Farið var í valda þætti tónlistarsögunnar, mannsröddina og uppbyggingu kóra. Nemendur hljóðsettu ljóð, sömdu rapplag, kynntu sér tónlistarforritið soundpad. Spiluðu á trommur, sömdu kroppaklapp o.fl.

Námsmat: Við námsmat var tekið mið af þremur þáttum

- 1) Þátttaka í tímum.
- 2) Framkoma og hegðun í tímum
- 3) Verkefni

Nemendur voru almennt áhugasamir og duglegir.

Jóhanna Marín Óskarsdóttir

Tónmenntakennari

---

## 19. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

---

Myndmennt var kennd í 1. – 10. bekk. Í 1. og 2. bekk var kennt í 80 mínútur í senn hverjum hópi í fjórar vikur á haustönn og fimm vikur á vorönn. Þrír hópar voru í hvorum árgangi. Í 3. og 4. bekk var kennt í 2 x 80 mínútur á viku í fjórar vikur á haustönn hverjum hópi og fimm vikur á vorönn. Þrír nemendahópar voru í 3. bekk en fjórir hópar í 4. bekk. Í 5. og 6. bekk var kennt 2 x 60 + 80 mínútur á viku í fjórar vikur á haustönn og fimm vikur á vorönn hverjum hópi og þrír hópar voru í hvorum árgangi. Í 7. og 8. bekk var kennt í 60 + 3 x 40 mínútur hverjum hópi í sjö vikna lotum; eina lotu hver hópur og kynjaskipt í hópa, þrír hópar voru í 7. bekk og tveir hópar í 8. bekk. 9. og 10. bekkir voru kynjaskiptir að mestu og árgöngum blandað saman. Kennt var í 3 x 40 mínútur í senn í 7 vikna námslotum hverjum hópi.

---

### 19.1 KENNSLUÆÐFERÐIR

---

Verkefni eru lögð fyrir í upphafi kennslustunda, þau útskýrð og kynnt hvaða efni, áhöld og gögn eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Nemendur eru aðstoðaðir eftir þörfum en ýtt undir frumkvæði nemenda, sköpun og sjálfstæð vinnubrögð. Verkefnin eru oftast unnin sem einstaklingsverkefni. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi en einnig að tími gefist til frjálsrar sköpunar. Einnig er leitast við að nýta tölvutækni til upplýsingaöflunar og verkefnavinnu. Samþætt verkefni milli myndmenntar, textílmenntar og smíða voru bangsaverkefni í 4. bekk og víkingaverkefni í 5. bekk.

---

## 19.2 NÁMSEFNI/GÖGN

---

Stuðst við kennslubækurnar Myndmennt I og II, listaverkabækur og listavefi. Auk þess notast við tölvur til að afla upplýsinga um listaverk og listamenn og til að finna myndir til að vinna eftir.

---

## 19.3 NÁMSMAT

---

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn og er þá tekið til greina meðal annars virkni nemenda, hugmyndaauðgi og umgengni um efni og áhöld. Í 1. bekk voru gefnar umsagnir og í ár fengu 10. bekkingar einkunn í bókstöfum.

---

## 20. SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

---

Kennsla í hönnun og smíði felst í skylduverkefnum frá kennara og frjálsum vali nemenda. Í upphafi vetrar er farið yfir reglur og öryggisatriði í smíðastofunni, nemendur gera sáttmála um hegðun og umgengni ásamt kennara. Farið er yfir með nemendum til hvers er ætlast af þeim og hvernig þau eru metin yfir veturinn.

Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Nemendur frá 3. bekk og uppúr koma með möppur í tíma þar sem skissur, hugmyndavinna og úrlausn verkefna eru sett í. Mappan er metin til einkunnar. Símat er allan veturinn þar sem virkni, vönduð vinnubrögð eru metin ásamt svo verkefnaskilum.

Stuðst er við kennslubækur í smíði, ýmsar bækur með hugmyndum að smíðahlutum sem og verkefnabrunna á vefnum.

Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Verkefnin eru útskýrð og nemendum er kynnt hvaða efni og áhöld eru nauðsynleg og gerð er verklýsing. Nemendur eru aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Verkefnin eru einstaklingsverkefni. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Einnig er leitast við að nýta sér tölvutækni til upplýsingaöflunar og verkefnavinnu.

### **1. bekkur**

Í fyrsta bekk voru 3 hópar í vetur og kom hver hópur í 4 vikur fyrir áramót og 5 vikur eftir áramót. Þau komu einu sinni í viku í 80 mínútur í senn. Nemendur fóru 10 mínútum fyrr út úr tíma hluta úr vetri til að þau kæmust á réttum tíma í mat. Skylduverkefni voru púsluspil og fígúra úr afgangsbútum, svo frjálst.

### **2. bekkur**

Í öðrum bekk voru 3 hópar í vetur og kom hver hópur í 4 vikur fyrir áramót og 5 vikur eftir áramót. Þau komu einu sinni í viku í 80 mínútur í senn. Nemendur fóru 10 mínútum fyrr út úr tíma til að þau kæmust á réttum tíma í mat. Skylduverkefni voru milla og fígúrur úr afgangsbútum svo frjálst.

### **3. bekkur**

Í þriðja bekk voru 3 hópar í vetur og kom hver hópur í 4 vikur fyrir áramót og 5 vikur eftir áramót. Þau komu tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. Nemendur fóru 10 mínútum fyrr út úr tíma hluta úr vetri til að þau kæmust á réttum tíma í mat. Skylduverkefni voru tímaritabox og fígúrur (róbótar) úr afgangskubbum, svo frjálst.

### **4. bekkur**

Í fjórða bekk voru 4 hópar í vetur og kom hver hópur í 4 vikur fyrir áramót og 5 vikur eftir áramót. Þau komu tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. Annað af skylduverkefnum

er samstarfsverkefni með textílmennt og myndmennt, þar sem þau hanna og smíða rúm. (Gera rúmföt og fígúru hjá hinum). Hitt skylduverkefni er blöðrubátur, svo frjálst.

#### **5. bekkur**

Í fimmta bekk voru 3 hópar í vetur og kom hver hópur í 4 vikur fyrir áramót og 5 vikur eftir áramót. Þau komu tvisvar í viku í 80 mínútur einn dag og 120 annan dag. Annað af skylduverkefnum er samstarfsverkefni með textílmennt, myndmennt og umsjónakennurum þar sem þau læra um landnám Íslands. Í hönnun og smíði gera þau víkingavopn. Seinna verkefnið er dagatal, svo frjálst.

#### **6. bekkur**

Í sjötta bekk voru 3 hópar í vetur og kom hver hópur í 4 vikur fyrir áramót og 5 vikur eftir áramót. Þau komu tvisvar í viku í 80 mínútur einn dag og 120 annan dag. Annað af skylduverkefnum er strengjabrúða og hitt tromma sem þau svo notuðu í tónlist (voru með trommusýningu á opnu húsi). Frjálst eftir það.

#### **7. bekkur**

Í sjöunda bekk voru 3 hópar, 2 strákahópar og 1 stelpuhópur. Hver hópur kom tvisvar í viku 120 mín og svo 60 mín í ca. 7 vikur í vetur. Skylduverkefnið var klukka, sem þau máttu útfæra á sinn hátt, þar sem efni og útlit var algerlega í þeirra höndum. Frjálst eftir það.

#### **8. bekkur**

Áttunda bekk var skipt í 2 hópa í vetur, strákahóp og stelpuhóp. Hvor hópur kom tvisvar í viku 120 mín og svo 60 mín í ca. 7 vikur í vetur. Skylduverkefnið þeirra er gestabók og hefur verið hefð í mörg ár. Útlit og hönnun voru í þeirra höndum. Frjálst eftir það.

#### **9. og 10. bekkur**

Níunda og tíunda bekk var blandað saman í vetur þar sem voru 3 strákahópar og 2 stelpuhópar. Þau fá að velja sér sín viðfangsefni alveg sjálf sem eru af ýmsum toga. Verða að gera teikningu með málum og efnisvali áður en byrjað er á verkefni.

Guðrún St. Guðbrandsdóttir

---

## 21. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

---

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í heimilisfræði frá 1. til 10. bekk. Nemendur í 1. til 6. bekk er skipt í hópa sem koma bæði fyrir og eftir áramót en nemendur í 7. til 10. bekk koma einu sinni að vetri í átta vikur.

- **1. og 2.** bekk er skipt í þrjá hópa hver bekkur, 8 - 9 nemendur voru í hverjum hópi í 1. bekk og 10 -11 nemendur í 2 bekk. Hver hópur kom einu sinni í viku í 80 mínútur í fjórar vikur.
- **3. og 4.** bekk er skipt í 3-4 hópa en í hverjum hóp voru 9-10 nemendur. Hver hópur kom tvisvar í viku, 80 mínútur í senn í fjórar vikur.
- **5. og 6.** bekk er skipt í þrjá hópa með 8-11 nemendum í hóp. Hver hópur kom tvisvar í viku 120 mínútur og 80 mínútur. Hver hópur voru samtals fjórar vikur fyrir áramót og fimm vikur eftir áramót.
- **7. - 8.** bekkur er kynjaskiptur með 7-10 nemendur í hóp . Hver hópur kom tvisvar í viku í 120 mínútur og 60 mínútur í átta vikur.
- **9. -10.** bekk er blandað saman, þeim er skipt í fimm 11-15 manna kynjaskipta hópa. Hver hópur kom tvisvar í viku 120 mínútur og 60 mínútur í átta vikur.
- Heimilisfræði kenndi Sesselja Tómasdóttir.



---

## 21.1 KENNSLUAÐFERÐIR

---

Verkefnum var hagað eftir getu nemenda hverju sinni með hvatningu að leiðarljósi þannig að þau geti lært að njóta þess að verða sjálfbjarga í eldhúsinu og notið þess að borða góðan og hollan mat með hreinlæti í fyrirrúmi. Áhersla var lögð á næringu, hollustu, matreiðslu og vinnubrögð matvæla, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla.

Áhersla hjá yngsta stigi var á almennt hreinlæti, að fara eftir einföldum fyrirmælum og öðlast færni í mælingum ástam einföldum bakstri. Einnig fengu þau að kynna því að til eru bæði hollar og óhollar fæðutegundir og upplýst um hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar og að nauðsynlegt sé að fá nægilegan svef.

Á miðstigi var lögð áhersla á að þjálfarar nemendur í að tileinka sér fjölbreyttar matreiðslu- og eldunaraðferðir ásamt margvíslegum störfum sem vinna þarf á heimilum. Þeim var kennt að vinna í eldhúsinu, þannig að þau gætu tekið ábyrgð á eigin vinnu og borið virðingu fyrir hráefninu sem þau notuðu og afurð þeirra. Þau voru hvött til að hjálpa til við eldamennsku og bakstur heima fyrir og gekk það mjög vel. Unnið var með fæðuhringinn og lögð áhersla á að þau þekki fæðuflokkana. Mikilvægi þess að raða saman næringaríkum máltíðum og uppruni algengustu matvæla skoðaður ásamt umbúðarmerkingum.

Nemendur á unglíngastigi unnu næringardagbók og fengu ögn flóknari uppskriftir sem þeir lögðu sig fram við að vinna. Þau þjálfuðust í að skipuleggja vinnu sína í eldhúsinu við eldamennsku, bakstur og frágang. Rík áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og að geta nálgast uppskriftir á netinu og breytt þeim eftir þörfum hvers og eins. Farið var yfir rétt fæðuval, góðar matarvenjur með hliðsjón af Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar.

Á öllum stigum var lögð rík áhersla á snyrtimennsku bæði hvað varðaði handþvott, hreinar svuntur og frágang í eldhúsi þ.e. umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru.

---

## 21.2 NÁMSEFNI OG NÁMSMAT

---

Stuðst var við kennslubækur og uppbyggandi leiki í Heimilisfræði frá Námsgagnastofnun. Næringar- og uppskriftabækur frá bókasafni skólans, upplýsingar um næringarfræði og uppskriftir á netinu og efni frá kennara.

Námsmat var þannig, að verk nemenda voru metin til einkunna. Símat var í gangi allan veturinn þar sem metið var virkni nemenda í tímum, sjálfstæði, vinnubröð og frágangur ásamt skriflegum verkefnum. Einnig voru verkefni og vinnubækur nemenda metnar.

Sesselja Tómasdóttir

---

## 22. VAL

---

Val á yngsta- og miðstigi hafði ekki fastan tíma í stundaskrá þennan veturinn. Því er sinnt af hverjum umsjónarkennara fyrir sig eða þá að efnt er til valnámskeiða á stigi. Á miðstigi var slíkt námskeið haldið í aðdraganda árshátíðar.

Val á unglíngastigi er með tvennum hætti. Annars vegar eru það 7. – 10 bekkur sem eru með fastan valtíma á miðvikudögum 1,5 kennslustund í senn. Hvert námskeið stendur yfir í u.þ.b. 5 vikur.

Hringekja var fyrir 9. og 10. bekk og var í fyrstu eins og nafnið gefur til kynna, hringekja, sem nemendur gátu valið sig inn í eftir áhuga. Hér var um að ræða tækjasal, akrílmálun og sköpun.

Þá var í boði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk að vera í Iðn-verknám á vinnustað, sem er sprotasjóðsverkefni með þátttöku atvinnulífsins á staðnum. Valgreinin iðn er tveir tímar á viku og nemendur slepptu því fimmtudagsvali (hringekju) þær lotur sem þeir voru í iðn.

Miðvikudagsval var kennt í sjö lotum í vetur, 5 – 7 vikur hver lota. Nemendur fengu kynningu á valgreininum í ágúst, og skiluðu í kjölfarið inn valblaði fyrir veturinn. En þó var sveigjanleiki og hægt að breyta vali þegar leið á veturinn. Þær valgreinar sem voru í boði í vetur eru: boltaval, skólahreysti, knapamerki, kortagerð, akrýlmálun, víkingaskart, heimsborgari, skrautskrift, leiktækjasmíði, skák, matreiðsla, iðn, förðun I og II, kompás, bókaklúbbur, tónlist, félagsmál, trommurhringur og hljómsveit. Kennsla í öllum valgreininum var í höndum kennara við grunnskólann, nema í knapamerkinu.

---

## 23. VETTvangsferðir Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

---

Vettvangsferðir eru m.a. leið skólans til að tengja námið veruleikanum utan skólastofunnar og færa þannig bóklegt nám nær reynsluheimi nemandans hverju sinni. Listinn hér að neðan eru þær vettvangsferðir sem farið var í.

- **1. bekkur:**  
Sveitaferð.  
Gróðursetning á Borg að vori.
- **2. bekkur:**  
Heimsókn á Landnámssetrið.  
Einkunnir / Hafnarskógur – ratleikur –grill að vori.
- **3. bekkur:**  
Fjörufurð eða fjallaferð.
- **4. bekkur:**  
Hvanneyri - Ullarsel og búvélasafn að vori.  
Heimsókn í leikskólana og dvalarheimilið.  
Börn í 100 ár, baðstofa.  
Innanbæjarferð.
- **5. bekkur:**  
Þjóðminjasafn, 871 ±2.  
Rannsóknarferð í Einkunnir; haust, vetur og vor.  
Gróðursetning á Borg að vori.
- **6. bekkur:**  
Snorrastofa.  
Heimsókn á Landnámssetrið.
- **7. bekkur:**

Námsferð að Reykjum.

- **8. bekkur:**

Skíðaferð.

- **9. bekkur:**

Skólabúðirnar að Laugum. Skólastjóri og umsjónarkennari sjá um skipulagningu ferðarinnar.

- **10. bekkur:**

Nemendur fóru í þriggja daga skólaferðalag í Skagafjörðinn eftir samræmdu prófin í lok september.

Í lok maí fór 10. bekkur í dagsferð til Reykjavíkur en byrjað var á Adrenalíngarðinum á Nesjavöllum. Hádegismatur var snæddur á Roadhouse og eftir það farið í Reykjavík Escape sem er skipulagt af starfsfólki Reykjavík Escape. Kíkt var upp í Hallgrímskirkjuturn og Reðursafnið skoðað. Við heimkomu tóku foreldrar á móti þeim með veitingum. Nemendur gistu síðan í skólanum ásamt kennurum og fengu morgunverð þar sem foreldrar útbjuggu

---

## 24. NEMENDAFÉLAG - FÉLAGSSTARF

---

Stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi (NGB) er skipuð nemendum úr 8. – 10. bekk og skal vera ráðgjafi skólastjórnenda um ýmis málefni nemenda, t.d. félagsmál, tómstundir og starfsaðstöðu. Stjórnin fundar með deildarstjóra og leiðbeinanda eins oft og þurfa þykir. Fastur fundartími er einu sinni í viku. NGB sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Fyrst og fremst eru þetta viðburðir fyrir elsta stig.

Stjórn NGB mun eiga þrjá fulltrúa í Húsráði Óðals í vetur, en sú breyting hefur verið gerð að Húsráðið verður skipað fulltrúum frá nemendafélögum í Borgarnesi, á Varmalandi og á Kleppjárnsreykjum. Húsráð Óðals sér um allt skipulag sem fellur undir starf er tengist félagsmiðstöð, t.d. Samfés, Stíl og söngvarakeppni.

NGB mun sjá um útsendingar jólaútlarps sem sendir út í eina viku í byrjun desember. Nemendur og bekkir semja og undirbúa útlarpsþætti að hluta til á skólatíma undir stjórn kennara. Allt utanumhald tæknimála, söfnun auglýsinga og fleira er í höndum stjórnar NGB. Fjármunir sem safnast vegna auglýsinga fara í sjóð nemenda.

Stjórn NGB setur upp dagskrá yfir viðburði vetrarins. Dagskráin er kynnt í september (fram að áramótum) og í desember (fram í maí). Reynt er að hafa dagskrána fjölbreytta til að höfða til sem flestra. Þess er sérstaklega gætt að kynna nemendur 7. bekkjar fyrir starfinu, leiðbeina þeim um þátttöku í ýmsum viðburðum og húsreglur Óðals. Flestir viðburðir á vegum NGB fara fram í Óðali.

Stjórn Nemendafélagsins skólaárið 2015 - 2016 skipuðu:

Snæþór Bjarki Jónsson (10. bekk) – formaður

Íris Líf Stefánsdóttir (9. bekk) - varaformaður

Alexander Gísli Hlynsson (10. bekk) – gjaldkeri

Bára Sara Guðfinnsdóttir (9. bekk) - ritari  
Sóldís Fannberg Þórsdóttir (8. bekk) – meðstjórnandi (til áramóta)  
Sigurður Aron Þorsteinsson (9. bekk) – meðstjórnandi (frá áramótum)  
Hlynur Halldórsson (10. bekk) – tæknistjóri  
Alexander Gíslason (9. bekk) aðstoðartæknistjóri.  
Hjálmar Már Sveinsson (10. bekk) – sjoppustjóri  
Hrafnhildur Tinna Ólafsdóttir (9. bekk) – sjoppustjóri

Starfsreglur Nemendafélagsins eru birtar á heimasíðu skólans, á slóðinni: <http://grunnborg.is/nemendur/starfsreglur-nemendafelagsins/>

---

## 25. ÞRÓUNARVERKEFNI

---

**Byrjendalæsi** er nálgun eða aðferð í lestrarkennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans sem skólinn fór að vinna eftir eða notast við veturinn 2006-2007. Markmið er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni og eins og gefur að skilja eru þau misjafnlega á vegi stödd þegar þau hefja skólagöngu sína. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og er áhersla lögð á hópavinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Uppbygging Byrjendalæsis er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnst nemendur gæðatexta og les kennari texta og nýtir þau tækifæri sem textinn gefur til að ræða við nemendur um merkingu hans. Í öðru þrepi er unnið með tæknilega þætti er varða lestrarnám. Í þriðja þrepi semja nemendur efni á grunni upphaflega textans þar sem hugtakakort eru notuð, texti saminn, leikþættir eða tónverk samin.

### Heilsueflandi grunnskóli

Hreyfing, hollusta og heilbrigðir lífshættir eru mikilvægir í skólastarfi. Grunnskólinn í Borgarnesi tekur þátt í verkefninu heilsueflandi grunnskóli á vegum Landlæknisembættisins. Verkefnið gengur út á að fræða alla í skólasamfélaginu um heilsusamlega lífshætti, líkamlega og andlega heilsu. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Til að stuðla að góðri heilsu þarf, í samvinnu við heimilin, að leggja rækt við hollar lífsvenjur nemenda. Nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð og öðlist skilning á því að heilbrigt lífveri stuðli að almennri velferð. Í vetur var unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi. Einnig var áhersla á hreyfingu, tannheilsu og mataræði í vetur. Skólinn tók þátt í heilsuviku UMFÍ og Lífshlaupinu.



## Grænfáni

„Skólar á grænni grein“ er alþjóðlegt verkefni með það markmið að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á „græna grein“ í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö sem tíunduð eru hér að neðan. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

Ekki tókst að flagga Grænfánanum í vor en stefnt er að því næsta vor.

## Uppbygging

Meginatriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og styrkja sjálfsmynd. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð frekar en blinda hlýðni. Litið er svo á að öll börn séu í eðli sínu góð og vilji hegða sér vel. Hins vegar hafi börn ekki þann hæfileika í byrjun að geta metið hvaða áhrif hegðun þeirra hefur á aðra. Það er hlutverk hinna fullorðnu að kenna þeim að öðlast þann skilning í gegnum samskipti þeirra við aðra. Fullorðnir eru því mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna.

Uppeldi til ábyrgðar ( uppbyggingarstefnan ) leggur áherslu á

- jákvæð og uppbyggjandi samskipti og gagnkvæma virðingu
- ábyrgð hvers og eins á eigin hegðun (við getum stjórnað okkur, ekki öðrum!)

- að það er í lagi að gera mistök en mikilvægt að draga lærdóm af þeim (vaxa við hverja raun).
- að finna leiðir til að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á öðrum.

Samkvæmt uppbyggingarstefnunni eru grunnþarfirnar fimm og er hver þörf skilgreind út frá því sem einkennir hana. Flest okkar hafa fleiri en eina ríkjandi þörf og það hafa börnin líka, þótt ung séu. Öll hegðun hefur tilgang en þegar við þekkjum þarfir okkar leitum við leiða til að uppfylla þær sem best án þess að ganga á þarfir annarra. Kennarar fara yfir hópinn sinn og reyna að meta þarfir hvers nemandar með það að markmiði að geta sem best mætt þörfum þeirra. Þetta er æfing sem lærist smátt og smátt og gott að gefa sér tíma til að „læra“

Í vetur var gerð þriggja ára áætlun sem unnið var eftir og lögð drög að handbók Uppbyggingarstefnunnar.

---

## 26. BÓKASAFN

---

Safnið er opið frá 8.15 – 16.00 nema á föstudögum, þá er opið til 14.00. Afgreiðslutími er frá 8.15 – 14.00 alla virka daga.

Skráðir lánþegar eru tæplega 400, nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn. Útlán á skólaárinu 2015 – 2016 voru 10.604.

Millisafnalán hafa lítið verið notuð en þó hefur safnið fengið lánaðar bækur á pólsku frá Borgarbókasafni Reykjavíkur og á spænsku frá Héraðsbókasafninu í Vestmannaeyjum. 4 safngögn voru lánuð til annarra safna.

Aðstoð við heimildaöflun er alltaf nokkur, bæði við nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að auka sjálfstæði nemenda í sambandi við heimildavinnu; að kenna þeim leitaraðferðir og að leggja mat á heimildir, einkum rafrænar.

Kaup safnkosts, tenging í Gegni og grisjun eru fastir liðir í starfsemi safnsins sem og frágangur safnkostsins.

Nemendur koma á safnið til þess að skoða bækur og lesa – og stundum til að hvíla sig frá amstri dagsins.

Nemendur koma á safnið og vinna eða taka próf, einir eða í minni hópum.

Kennarar koma með minni hópa til ýmiss konar verkefnavinnu eða lestrar.

Upplýsingafræðingur og kennari gegnir 60% starfi á safninu. Föst kennsla er ekki á stundaskrá en á skólaárinu hafa 2., 3., 4. og 5. bekkur fengið nokkurra vikna námskeið á bókasafninu auk þess sem 1. bekkur hefur átt þar fastan vikulegan tíma, svokallaða næðisstund. Viðvera safnkennara er að mestu bundin og fellur undirbúningur kennslu undir hana ásamt mætingu á starfsmanna- og kennarafundi.

Endurmenntun felst í að sækja reglulega námskeið Landskerfis bókasafna og í þátttöku í viðburðum og samvinnu við Félag fagfólks á skólabókasöfnum og Upplýsingu, félag upplýsingafræðinga. Einnig má telja lestur bóka fyrir börn og ungmenni til endurmenntunar.

Aðstoðarmaður (bókavörður) er á safninu í 50% stöðuhlutfalli. Starf aðstoðarmanns felst í almennri afgreiðslu, plöstun og viðgerðum á bókum.

---

## 26.1 KENNSLA

---

Safnkennari fór yfir námsefnið *Mýsla sýslar á bókasafni* með 2. og 3. bekk. 2. bekkur kom fjórum sinnum og fræddist sérstaklega um Egil Skalla-Grímsson á safninu. 4. og 5. bekkur fengu kennslu um uppröðun og flokkunaraðferðir í bókasöfnum og spreyttu sig á ýmsum verkefnum þar að lútandi. Þá hélt safnkennari fyrirlestur um notkun

heimilda og mat heimilda fyrir 10. bekk og um Egil Skalla-Grímsson fyrir 7. bekk (á Borg).

Nú var í fyrsta sinn boðið upp á leshring ( 3 lotur) á safninu sem hluta af vali í unglingsdeild. Þátttaka var lítil en áhugi er fyrir að þróa verkefnið áfram.

---

## 26.2 AÐFÖNG/AÐFANGASTEFNA

---

Megináhersla er lögð á að kaupa vandaðar bókmenntir og fjölbreyttan fróðleik (vísindi, náttúrufræði, íþróttir, uppflattirit o.s.frv. ) fyrir börn og unglinga. Bækur eru dýrar og fjárframlag til safnsins takmarkað og því er gjarnan leitað fanga á bókamörkuðum útgefenda varðandi i bækur sem gefnar hafa verið út á síðustu árum. Eins mikið er keypt af nýútkomnum bókum og kostur er.

Umsjónarmaður safnsins leggur áherslu á að safna íslenskum skáldsögum og ljóðum án mikils tilkostnaðar þó. Vel útlítandi og góðar bækur hafa fengist í þennan flokk á nytjamörkuðum og einnig hafa safninu borist bækur að gjöf frá kennurum.

Safnkosturinn hefur verið talsvert grisjaður undanfarin tvö ár, úreltar bækur og ónýtar hafa verið afskrifaðar og bókum sem lítið hreyfast hefur verið komið fyrir í geymslu. Bekkjarsett eru mörg orðin afar slitin og þarfnast endurnýjunar.

---

## 26.3 VIÐBURÐIR

---

### **Bókasafnsdagurinn**

Bókasafnsdagurinn 2015 var haldinn 8. september undir yfirskriftinni „Lestur er bestur – fyrir alla“. Markmið dagsins er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli á mikilvægi bókasafna og hins vegar að vera dagur starfsmanna safnanna. Í Grunnskólanum í Borgarnesi var haldinn skiptibókamarkaður; grunnurinn voru bækur sem höfðu borist

eftir ýmsum leiðum (einkum gjafir) en ekki skráðar í safnið. Svo komu nemendur og starfsfólk með bækur og völdu sér aðrar í staðinn. Markaðurinn tókst mjög vel og verður ábyggilega endurtekinn.

### **Norræn bókasafnavika**

Bókasafnið tók þátt í norrænni bókasafnaviku dagana 9. – 15. nóvember en þema hennar að þessu sinni var „Vinátta á Norðurlöndunum“. Þann 9. nóvember gátu nemendur hlustað á beint streymi frá Norræna húsinu þar sem Ævar Benediktsson las kafla úr barnabókinni Vöfluhjarta eftir norska höfundinn Mariu Parr. Að öðru leyti var ekki um sérstaka dagskrá að ræða á safninu en vakin var athygli á norrænum höfundum og bókum þeirra stillt sérstaklega upp.

### **Sagnamaður**

Í tengslum við námsefni 2. bekkjar um Egil Skalla-Grímsson kom sagnamaðurinn Geir Konráð Theódórsson í heimsókn og sagði börnunum sögur á bókasafninu. Hann var í víkingaskrúða og náði vel til barnanna með sögum og leikrænum tilþrifum.

### **Aðventa**

Nemendur tóku á aðventu þátt í að velja nýlegar bækur til að kaupa á safnið. Það fór þannig fram að hver nemandi fékk að velja einn titil sem hann vildi að til yrði á safninu. Miðarnir voru settir í lítil umslög með myndum af viðkomandi bókum og allt nælt á korköflu og haft sýnilegt. 173 nemendur tóku þátt, minnst var þátttaka í 9. og 10. bekk. Við bókakaup var svo vitaskuld tekið mið af óskum nemenda.

Á aðventu var lögð sérstök áhersla á efni tengt jólum og því stillt upp í bókavagni til þess að auðvelda nemendum að finna sér bækur.

Safnkennari sá um kynningar á nýjum bókum og lesið var úr þeim.

### **Vika bókarinnar**

Nemendur tóku þátt í árlegri kosningu um bókaverðlaun barnanna en þau eru veitt á sumardaginn fyrsta ár hvert í viku bókarinnar. 110 nemendur greiddu atkvæði í Grunnskóla Borgarness.

Þá var í viku bókarinnar, síðasta vetrardag, haldinn hátíðlegur sögupersónudagur í skólanum. Hann fór fram með þeim hætti að nemendur og starfsmenn klæddu sig upp sem þekktar sögupersónur. Þátttaka var góð og stefnt er að því að sögupersónudagurinn verði árlegur viðburður.

### **Heimsóknir rithöfunda**

Kristjana Friðbjörnsdóttir og Ævar Þór Benediktsson lásu upp úr bókum sínum og spjölluðu við nemendur 3. og 4. bekkja 10. nóvember. Heimsókn þeirra var liður í dagskránni „Skáld í skólum“ sem skipulögð er af Rithöfundasambandinu.

Ragnheiður Eyjólfsdóttir, sem hlaut á síðasta ári íslensku barnabókaverðlaunin fyrir *Skuggasögu*, kom 24. nóvember og las úr verðlaunabókinni og spjallaði við nemendur 9. og 10. bekkja.

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur kom í heimsókn 25. nóvember. Hann kynnti nýútkomna bók sína *Ég elska máva* í 7. og 8. bekk, las upp og spjallaði við nemendur. Ævar Þór og Guðni Líndal Benediktssynir komu í heimsókn í 5. og 6. bekk um miðjan desember og lásu upp úr nýjustu bókum sínum, *Þinni eigin goðsögu* og *Leynardómi erfingjans*.

### **Lestrarátök í tengslum við bókasafnið**

Drekaklúbbur var starfræktur á haustmisseri og er ætlunin að taka upp þráðinn næsta haust. Starfsemi klúbbsins felst í því að nemendur lesa ákveðinn fjölda bóka í þremur flokkum.

Bækurnar eru misþungar en eiga það sammerkt að þær fjalla allar um dreka með einhverjum hætti. Nemendur sem ljúka lestri í einhverjum flokkanna fá sérstakt

viðurkenningarskjal og nafnbótina Dreameistari (af 1., 2., eða 3. gráðu). Tæplega 50 viðurkenningarskjöl hafa verið gefin út; flest til Dreameistara af 1. gráðu.

Auk Dreaklúbbsins tók skólinn þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns sem stóð frá því í byrjun janúar til marsloka. Heimili og skóli standa að áttakinu ásamt Ævari og var það nú haldið í annað sinn. Nemendur skiluðu lestrarmiðum í sérstakan kassa á bókasafninu og þátttaka var góð.

---

#### 26.4 TÖLVUR

---

Á árinu var ákveðið að far- og spjaldtölvur skyldu skráðar í safnkostinn og lánaðar út af safninu. 13 spjaldtölvur eru skráðar í safnið og 14 fartölvur. Þá eru tvær borðtölvur til afnota á bókasafninu.

---

#### 26.5 NÁMSMATSSTOFNUN

---

Pantanir bóka frá Námsmatsstofnun fara í gegnum skrifstofu skólans og heldur ritari utan um birgðir. Allar kennsluleiðbeiningar sem ekki eru prentaðar út af vef stofnunarinnar eru tengdar inn í Gegni og lánaðar út af bókasafni, sem og sýniseintök námsbóka. Auk þess eru kennarar hvattir til að skila ljósrituðum leiðbeiningum og lausnum til bókasafns og er haldið utan um slíkt efni. Vakin er athygli á nýju efni frá stofnuninni og það látið liggja frammi.

---

#### 26.6 SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN

---

19.318 eintök voru skráð í safnið 30. 4. 2016. Útlán á skólaárinu 2015 – 2016 voru 11.394. Nánari skiptingu safnkosts má sjá á meðfylgjandi töflu.

Efni	Fjöldi
Snældur	9
Snælda/hljóðbók	3
BLU	1
Bækur	17.156
Bækur	5
Spil	13
Geisladiskar	81
Geisladiskur/hljóðbók	300
Tölvugögn	6
Mynddiskar	95
Tæki	14
FOLD	3
Innb. tímarit	5
Tímaritshefti	203
Tímaritshefti	55
Gagnasett	2
Myndbönd	1.367
Alls	19.318

Anna Guðmundsdóttir



---

## 27. KLETTUR

---

Nemendur sem fengu að einhverju leyti beina kennslu frá Kletti voru 10 sem eru með einhverfugreiningu og 5 sem ekki hafa þá greiningu. Þessir nemendur komu mismikið í Klett, tvo nemendur mannaði Klettur alfarið en aðrir komu frá 1 skipti í viku og upp í 5 skipti á viku. Þessi tímafjöldi breyttist þó þegar erfið tímabil eða dagar komu, voru þá sumir nemendur lengur og jafnvel heilu dagana í Kletti.

Fyrir alla þessa nemendur voru svo haldnir reglulegir teymisfundir með umsjónakennurum og foreldrum. Algengast var að fundir væru á 6 – 8 vikna fresti en fór það þó alveg eftir þörf, Stundum þurftu þeir að vera fleiri og stundum urðu þeir færri.

Deildarstjóri Kletts mætti svo á teymisfundi vegna þriggja annara nemenda sem ekki eru taldir upp hér að ofan, en það var eina aðkoma Kletts að þeim. Af þessum þremur fengu tveir aspergergreiningu núna í vetur.

Þegar skólaárið hófst voru fimm starfsmenn í Kletti

- Tveir þroskajálfar í 100% stöðu en þeirra tímar fóru bæði í kennslu nemenda sem formlega voru skráðir í Klett og þá nemendur sem ekki eru með einhverfugreiningu (Klettur um það bil 60 % og 70%)
- kennari í 80% stöðu (sem hækkaði svo upp í 100% eftir áramót)
- tveir stuðningsfulltrúar í 50% stöðu hvor en eftir áramót var einn tekinn út í önnur verk og hin staðan minnkuð í 40%

---

### 27.1 MARKMIÐ

---

Markmið með aðkomu Kletts geta verið mjög misjöfn. Í vetur hafa þau til dæmis verið

- Einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem þess þurfa
- Sitja á teymisfundum vegna nemenda
- Stundaskrá fyrir nemendur sem ekki fylgja stundaskrá bekkjar
- Fylgja ákveðnum nemendum í vettvangsferðir og aðrar ferðir
- Næði til að sinna bekkjarnámsefni og smá pásu frá bekknum
- Aðhald,reglur og eftirfylgni í kringum óæskileg hegðun
- Kennsla og þjálfun í lestri og grunn stærðfræði
- Umbunarkerfi fyrir æskulega hegðun
- Vinna með tilfinningar, líðan og félagslega hegðun til dæmis með CAT kassa.
- Staður til að koma á þegar illa gengur, fá að róa sig í Litla Kletti og fara yfir málin.
- Ráðleggingar til umsjónakennara, stuðningsfulltrúa og foreldra
- Vinna með málörvun og málþroska

---

## 27.2 NÁMSMAT

---

Í desember og maí var skilað námsmati frá Kletti. En þar eru útlistuð markmið og viðfangsefni fyrir nemendur og gerð umsögn um hvernig hefur tekist að ná þeim markmiðum, eins er farið yfir hver næstu skref verða.

Í sumum tilfellum þar sem nemendur eru ekki orðnir vel læsir höfum við tekið lestrarpróf til að fylgjast með og meta árangur lestrarkennslu.

---

## 28. WATER AROUND US – ERASMUS VERKEFNI

---

Erasmus verkefnið *Water around us* hefur verið í fullum gangi í vetur. Verkefnið er til þriggja ára og var annað árið sl. vetur. Á haustdögum þegar nemendur völdu sig í fimmtudagsval, var í boði fyrir nemendur 9. og 10. bekkja að velja að starfa í „vatnsverkefninu“. Þeir sem það völdu kynntust verkefninu og unnu verkefni því tengd einu sinni í viku. M.a. voru gerðar tilraunir sem tilheyra verkefninu. Orðaspil á ensku, um orð og orðskýringar sem tengjast vatni. Tekið þátt í ljósmyndasamkeppni fyrir dagatal, leitað að orðum, hugtökum og staðreyndum um vatn og var sú vinna tekin saman í heftið „Did you know“. Nemendur öfluðu sér upplýsinga um samstarfslöndin; Þýskaland, Spán, Portúgal, Finnland og Lettland, bjuggu til plaköt og elduðu rétti tengda viðkomandi landi. Þeir sem áhuga höfðu gátu sótt um að fara í nemendaferðir, en þær voru tvær á skólaárinu. Þrír nemendur fóru til Portúgal og fjórir nemendur til Spánar.

Hópur kennara tekur þátt í verkefninu og fer í ferðir. Farnar voru 4 ferðir á skólaárinu, tvær nemendaferðir og 2 kennaraferðir.

Helga Stefanía Magnúsdóttir er verkefnisstjóri.

---

## 29. SAMANTEKT

---

Skólaárið 2015-2016 var skemmtilegt og fjölbreytt. Skólastarfið gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig. Harpa Þórðardóttir var ráðin til starfa hjá Borgarbyggð og við það jókst sálfræðipjónusta við skólann. Hún tók að sér í samstarfi við Áspór að vinna

markvisst með 9. bekknum og hefur það gengið prýðilega. Á starfsdögum og kennarafundum hafa komið hinir ýmsu fyrirlesarar. Skólastjórar Grunnskólans í Sandgerði komu í nóvember og voru með námskeið í Uppbyggingarstefnunni og tókst vel upp. Starfsfólk vann að gerð starfsmannasáttmálans og hangir hann upp á vegg. Starfsfólk íþróttahússins kom einnig á þetta námskeið.

Ingvar Sigurgeirsson kom með fyrirlestur fyrir báða skóla Borgarbyggðar um teymiskennslu en hana á innleiða með markvissum hætti næsta vetur í grunnskólum Borgarbyggðar. Fyrirlestur Ingvars var haldinn í Hjálmakletti og var starfsfólki Menntaskóla Borgarfjarðar boðið að koma og hlýða á einnig sem fimm kennarar frá Höfðaskóla á Skagaströnd komu líka.

Vanda Sigurgeirsdóttir kom til okkar og hélt fjögurra tíma vinnustofu/námskeið fyrir allt starfsfólk skólanum um einelti og gaf öllum góð verkfæri í hendurnar til að vinna með. Vanda heldur áfram að vinna með skólanum er viðkemur bekkjaranda í nokkrum árgöngum næsta vetur.

Í vor unnu allir grunnskólar landsins að nýju námsmati og var Grunnskólinn í Borgarnesi þar engin undantekning, því var gott að fá fyrirlestur frá starfsmanni Mentor núna í vor sem gat hjálpað kennurum betur að átta sig á námsmatinu og hvernig það er sett upp í Mentor.

Í haust var prófað að leyfa nemendum 1. bekkjar að borða í skólanum og mæltist það vel fyrir hjá kennurum, nemendum og foreldrum. Þetta fyrirkomulag mun því verða áfram næsta vetur.

Margir skemmtilegir hlutir eru framundan og má þar nefna teymiskennsluna, þróunarverkefni í nýsköpun sem grunnskólar Borgarbyggðar fengu styrk til að taka þátt. Signý Óskarsdóttir verður verkefnastjóri verkefnisins og leiðir okkur áfram í þessu þróunarverkefni.

Starfsfólk skólans ætlar að bregða sér til Boston í nóvember og fara á námskeið í Uppbyggingarstefnunni. Svo er viðbygging við skólann á þriggja ára áætlun Borgarbyggðar en með henni kemur mötuneyti í skólann ásamt sal sem hefur svo sannarlega verið missir að hafa ekki. Því má sjá að margt spennandi er í deiglunni og skemmtilegir hlutir að gerast. Markmið okkar í skólanum er að byggja upp framúrskarandi skóla.